


# STARFSSKÝRSLA 2006



.....  
F I S K I S T O F A





## Hlutverk og megingildi

### Ábyrg nýting auðlinda hafsins

Fiskistofa er stjórnsýslustofnun sem heyrir undir sjávarútvegsráðherra og gegnir mikilvægu hlutverki við að tryggja til frambúðar hámarksafurðingur Íslendinga af ábyrgri nýtingu auðlinda hafsins.

### Fiskveiðistjórnun og eftirlit með veiðum og vinnslu

Lykilþættir í ábyrgri nýtingu auðlinda hafsins eru styrk fiskveiðistjórnun og virkt eftirlit með veiðum og vinnslu.

Hlutverk Fiskistofu er að annast framkvæmd laga og reglna um stjórnun fiskveiða og hafa eftirlit með öllum þáttum veiða og vinnslu og annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegs mála.

### Staðfesta

Fiskistofa leitast við að rækja stjórnunar- og eftirlitshlutverk sitt þannig að staðfesta sé í túlkun leikreglna á sviði sjávarútvegs og tryggt sé að eftir þeim sé farið.

### Framþróun

Fiskistofa vill leggja sitt af mörkum og vera virkur þátttakandi í því að þróa fiskveiðistjórnun og framleiðslu sjávarafurða þannig að Íslendingar séu ávallt í fremstu röð á þessum sviðum.

### Skýr og lifandi markmið

Starfsemi Fiskistofu mótast af skýrum markmiðum sem stofnunin setur sér og mælir reglulega hvort náðst hafa.

### Aðbúnaður

Fiskistofa leitast við að bjóða starfsfólki sínu upp á gott vinnuumhverfi og besta mögulegan aðbúnað og tæki hverju sinni.

### Viðmót

Allir þeir sem Fiskistofa hefur samskipti við fá viðmót sem einkennist af sanngirni, háttvísi og fagmennsku.

### Gott starfsfólk

Starfsgleði, vellíðan, hæfni, þekking, vinnusemi, skipulag, vandvirkni og háttvísi eru megingildi sem höfð eru í heiðri

# EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT .....	2
ALMENNT UM STARFSEMI FISKISTOFU.....	4
Aðalskrifstofan flutt .....	4
Opnun útibúa .....	4
Starfsmenn - skipulag.....	4
Árangursstjórnun Fiskistofu.....	5
VEIÐIHEIMILDASVIÐ .....	7
Veiðileyfi .....	7
Aflaheimildir .....	9
Flutningur aflaheimilda .....	9
Flutningur aflamarks.....	10
Samskipti við erlend stjórnvöld og alþjóðasamtök .....	10
VEIÐIEFTIRLITSSVIÐ.....	11
LANDEFTIRLIT .....	11
Eftirlit með útflutningi á ónunnum afla.....	11
Eftirlit með vigtnarleyfishöfum og skráningu afla á hafnarvogum.....	12
Eftirlit með skráningum í afladagbækur.....	12
Eftirlit með bátum vegna línuvinnunar .....	13
Undirmálmælingar .....	13
EFTIRLIT Á SJÓ .....	13
Möskvamælingar.....	14
Brottkastsverkefni .....	14
Veiðieftirlit á grunnslóð.....	14
Eftirlit í landi með afurðum skipa sem vinna afla um borð .....	15
Eftirlit með veiðum íslenskra skipa á Flæmingjagrunni .....	15
Eftirlit með veiðum skipa Evrópusambandsins í íslenskri fiskveiðilandhelgi.....	15
SKYNDILOKANIR .....	16
EFTIRLIT MEÐ FISKELDI .....	17
BROT OG VIÐURLÖG.....	18
MATVÆLAEFTIRLITSSVIÐ.....	19
VINNSLUEFTIRLIT .....	19
Faggiltar skoðunarstofur í sjávarútvegi.....	19
Eftirlit á vettvangi .....	19
Veiting vinnsluleyfa .....	20
Samræmi í skoðunum.....	21
Útgáfa vinnsluleyfa .....	21
Útgáfa vottorða vegna útflutnings fiskafurða .....	22
SKELFISKEFTIRLIT.....	23
INNFLUTNINGSEFTIRLIT .....	24
UPPLÝSINGASVIÐ.....	27
Skráning afla .....	28
Aflaverðmæti og ráðstöfun afla .....	28
Söfnun og miðlun gagna - Gagnvirk rafræn samskipti.....	28
Afli.....	29
LÖGFRÆÐISVIÐ .....	31

Álagning og innheimta sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávarafla .....	31
Leyfissviptingar vegna umframafla.....	32
Eftirlit með afladagbókum og fleira.....	32
Bakreikningar. ....	32
Innflutningseftirlit. ....	33
Veiðar án veiðileyfis. ....	33
Veiðileyfissviptingar. ....	33
NAFO, NEAFC og veiðar ESB skipa í íslenskri lögsögu.....	33
Önnur verkefni.....	33
FJÁRMÁLA- OG REKSTRARSVIÐ.....	35
TÖLVUSVIÐ.....	36
Landanir undanfarin þrettán ár .....	36
Helstu verkefni tölvusviðs árið 2006 eftir stofnunum .....	37
STARFSMENN .....	38

# ALMENNT UM STARFSEMI FISKISTOFU

Í þessari skýrslu Fiskistofu er gerð grein fyrir starfsemi Fiskistofu á árinu 2006 sem var 14. starfsár stofnunarinnar. Í skýrslunni er fjallað um starfsemi einstakra sviða og birtar eru tölur og töflur sem eru upplýsandi fyrir starfsemina og gefa auk þess mynd af þróun mála með samanburði við fyrri ár. Í þessum kafla verður fjallað um starfsemina almennt og auk þess gerð nokkur grein fyrir árangursstjórnun Fiskistofu.

## Aðalskrifstofan flutt

Í janúar 2006 flutti Fiskistofa að Dalshrauni 1 í Hafnarfirði í nýtt og glæsilegt húsnæði og lauk þar með húsnæðisvandráðum stofnunarinnar sem segja má að hrjád hafi starfsfólkið og starfsemina allt frá upphafi, árið 1992. Þá var Fiskistofu komið fyrir í miklum þrengslum í Ingólfsstræti 1. Þar var ekki pláss fyrir matvælaeftirlitssvið stofnunarinnar sem tók til starfa 1. janúar 1993. Því var fyrir komið í Nóatúni þar sem Ríkismat sjávarafurða var áður til húsa og hefur síðan mátt flytja fjórum sinnum á 14 árum. Var síðast í Tollhúsinu í Tryggvagötu en er nú loksins komið undir sama þak og önnur starfsemi aðalskrifstofunnar. Flutningarnir tókust vel að öllu leyti með samstilltu átaki allra starfsmanna og góðri skipulagningu, en það er ekki lítið verk að flytja svo stóra stofnun sem Fiskistofa er án þess að nokkuð fari úrskedis og án þess að loka þurfi tímabundið fyrir afgreiðslu af nokkru tagi, síma eða tölvusamband.

## Opnun útibúa

Árið 2005 var tekin ákvörðun um að færa starfsemi Fiskistofu í stórauðnum mæli út á land með opnun útibúa í Vestmannaeyjum, Höfn í Hornafirði, Stykkishólmi og Grindavík. Þessari ákvörðun var hrint í framkvæmd samkvæmt áætlun þegar útibú var opnað í Vestmannaeyjum 1. apríl 2006 og annað á Höfn í október. 1. apríl 2007 verður svo opnað nýtt útibú í Stykkishólmi og útibú í Grindavík er á dagskrá á árinu 2008. Hefðbundið veiðieftirlit verður stundað frá öllum þessum útibúum enda heyra þrjú þau síðastnefndu undir veiðieftirlitssvið Fiskistofu. Útibúið í Vestmannaeyjum heyrir hins vegar undir lögfræðisvið Fiskistofu vegna þeirra sérverkefna sem því hafa verið falin og gerð er grein fyrir í umfjöllun um lögfræðisvið í þessari skýrslu.

## Starfsmenn – skipulag

Töluverðar breytingar urðu í starfsmannahaldi á síðasta ári. Árni Múli Jónasson, aðstoðarfiskistofustjóri var lánaður til sjávarútvegsráðuneytisins í allt að einu ári eða til 1. apríl 2007. Fjóra María Ágústsdóttir, forstöðumaður mannaúds og innra eftirlits, lét af störfum og réði sig í ráðgjafastöðu hjá Capacent og Guðmundur Karlsson, forstöðumaður sérverkefnasviðs lét af störfum fyrir aldurs sakir. Þessum breytingum öllum var mætt með tilfærslum verkefna innanhúss. Verkefni Árna Múla færðust á herðar fiskistofustjóra og annarra forstöðumanna, Gerður Bárðardóttir, deildarstjóri á fjármála- og rekstrarsviði, tók við mannaúds málum og verkefni sérverkefnasviðs fluttust yfir á veiðieftirlitssvið. Hrefna Gísladóttir, forstöðumaður veiðieftirlitssviðs, lét að eigin ósk af því starfi og fluttist yfir á lögfræðisvið. Höskuldur Steinarsson, forstöðumaður upplýsingasviðs, lét af því starfi í upphafi ársins 2006 og hóf störf í Landsbanka Íslands. Ari Arason, staðgengill Höskuldur tók við starfi hans og Eyþór Björnsson var ráðinn til Fiskistofu í starf Ara. Eyþór tók síðar á árinu við starfi Hrefnu sem forstöðumaður veiðieftirlitssviðs og í hans starf var ráðinn Jón Már Halldórsson.

Auk þeirra sem að ofan er getið voru eftirtaldir starfsmenn ráðnir til Fiskistofu á árinu 2006:

Í Vestmannaeyjum: Hlynur Sigmarsson, útibússtjóri, Ingólfur Ingólfsson, sérfræðingur, Jóna S. Guðmundsdóttir, sérfræðingur og Svetlana Luchyk, ræstingar.


Á Höfn í Hornafirði: Sævar Guðmundsson, útibússtjóri og Ólafur Vilhjálmsson eftirlitsmaður.

Á Ísafirði: Gunnar Þórðarson, útibússtjóri, og Guðmundur Þ. Sigurðsson, eftirlitsmaður.

Á aðalskrifstofu í Hafnarfirði: Brynja Magnúsdóttir, Ólöf Skúladóttir, Hreinn Arndal og Guðjón Gunnarsson.

Alls voru því 14 nýjir starfsmenn ráðnir á árinu 2006 en 11 létu af störfum. Stöðurnar þrjár í Vestmannaeyjum eru ný stöðugildi hjá Fiskistofu í samræmi við fjárheimildir.

Mynd 1. Skipurit Fiskistofu 31. desember 2006



### Árangursstjórnun Fiskistofu

Fiskistofa tileinkaði sér hugmyndafræði stefnumiðaðs árangursmats árið 2004 þar sem stefnu Fiskistofu var lýst með stuðningi svokallaðs stefnukorts sem dregur fram þá þætti stofnunarinnar sem mestu skipta um árangur skipulagsheilda. Stefnukortið var útfært í hugbúnaðarkerfinu QPR og fylgst var með framgangi stefnunnar með hjálp virkra árangursmælikvarða sem settir voru fram í einu skorkorti. Í lok ársins 2004 var ákveðið að taka viðbótarskref og setja fram skorkort fyrir öll svið Fiskistofu byggð á stefnukorti stofnunarinnar. Þessi vinna var framkvæmd í janúar 2005, þar sem hvert svið vann að árangursmælikvörðum sem gáfu vísbendingar um árangur sviðsins til að styðja stefnu Fiskistofu. Byrjað var að safna niðurstöðum mælinga strax í febrúar, en tæknileg atriði í hugbúnaði ulla vandkvæðum fram á haustmánuði og því sýnileiki og aðgengi ekki eins og best var á kosið. Þrátt fyrir það hefur vinna við mælikvarða haldið áfram þótt eftirfylgni hafi ekki verið eins og að var stefnt. Í október 2005 hófst svo endurskoðun hvers sviðs fyrir sig á sínum mælikvörðum fyrir árið 2006. Á árinu 2006 hélt þessi vinna áfram og leiddi til alsherjar endurskoðunar á stefnu- og skorkortunum auk endurskoðunar á mælikvörðunum. Þessari vinnu lauk ekki á árinu 2006 og lýkur e.t.v. aldrei en ljóst er að gerðar verða töluverðar breytingar á víddum og mælikvörðum sem þykja alltof margir og í ljósi reynslunnar ekki nógu markvissir. Í starfsskýrslu Fiskistofu fyrir árið 2005 var gerð grein fyrir þeim u.þ.b. 35 mælikvörðum sem þá voru í árangursmatinu. Hið sama verður ekki gert í þessari starfsskýrslu vegna yfirstandandi endurskoðunar á þeim.

Árangursstjórnunarsamningur milli sjávarútvegsráðuneytisins og Fiskistofu, sem undirritaður var 16. apríl 2004, gildi til ársloka 2006. Vinna við nýjan árangursstjórnunarsamning er að sjálfsgöðu nátengd endurskoðuninni á stefnumiðaða árangursmatinu og er stefnt að því að þeirri vinnu ljúki með undirritun nýs árangursstjórnunarsamnings á fyrri hluta ársins 2007.



## VEIÐIHEIMILDASVIÐ

Starfsemi veiðiheimildasviðs á árinu 2006 var að mestu með hefðbundnum hætti. Auk reglubundinna verkefna var talsverð vinna við sértækar úthlutanir og gagnaöflun vegna laga- og reglugerðabreytinga. Má þar nefna kvótasetningu sóknardagabáta, breytingu réttar til úthlutunar úr “jöfnunarsjóði” í aflahlutdeild og undirbúning rafrænna millifærslna. Fastir starfsmenn á veiðiheimildasviði voru sex á árinu 2006.

Verkefni veiðiheimildasviðs eru skilgreind á eftirfarandi hátt:

*Veiðiheimildasvið gefur út veiðileyfi og úthlutar aflabeimildum til íslenskra fiskiskipa og annast skráningu þeirra réttinda.*

*Veiðiheimildasvið gefur út veiðileyfi til erlendra fiskiskipa í íslenskeri lögsögu og veitir íslenskum skipum leyfi til veiða utan íslenskrar lögsögu og í lögsögum annarra ríkja.*

*Veiðiheimildasvið fylgist með aflabeimildastöðu fiskiskipa.*

*Veiðiheimildasvið annast færslur aflabeimilda milli fiskiskipa.*

*Veiðiheimildasvið annast ýmis samskipti við erlend stjórnvöld og alþjóðasamtök.*

*Veiðiheimildasvið afgreiddir erindi og fyrirspurnir sem varða ofangreinda málaflokkka.*

### Veiðileyfi

Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða má enginn stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Í töflu 1 koma fram upplýsingar um fjölda almennra leyfa íslenskra fiskiskipa til veiða í atvinnuskyni.

Tafla 1. Fjöldi leyfa til veiða í atvinnuskyni

	Fjöldi almennra leyfa fiskveiðiárin 2001/2002 - 2005/2006				
	2001/2002	2002/2003	2003/2004	2004/2005	2005/2006
Aflamarksskip	863	724	656	584	526
Krókabátar	859	905	897	855	808
þar af:					
Krókaafلامarksbátar	549	583	586	846	807
Sóknardagabátar	310	322	311	9	1
<b>Alls leyfi til veiða í atvinnuskyni</b>	<b>1.722</b>	<b>1.629</b>	<b>1.553</b>	<b>1.439</b>	<b>1.334</b>

Af töflunni sést að aflamarksleyfum heldur áfram að fækka, sem að mestu skýrist af fækkun veiðileyfa á "kvótalaus" skip og flutningi báta úr aflamarkskerfi í krókaafلامarkskerfi, einkum eftir að hámarksstærð krókabáta var hækkuð úr 6 brúttótonnum í 15. Veiðileyfum í krókakerfum fjölgaði mikið í kjölfar afnáms takmörkunar á fjölda veiðileyfa í krókakerfum í upphafi fiskveiðiársins 2001/2002, en eftir afnám sóknardagakerfis í upphafi fiskveiðiársins 2004/2005 hefur leyfum fækkað um rúmlega 40 leyfi hvort fiskveiðiáranna 2004/2005 og 2005/2006.

Með lögum nr. 41 frá 2. júní 2006, um breytingar á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, var gerð sú breyting að í stað réttar til úthlutunar samkvæmt 9. gr. a. í fiskveiðistjórnarlögum (“jöfnunarsjóður”), sem úthlutað hefur verið sem aflamarki frá fiskveiðiárinu 1999/2000, skyldi koma aflahlutdeild. Úthlutað var til 378 skipa hlutdeild sem svaraði til 2.053 tonna aflamarks á fiskveiðiárinu 2005/2006.

Tilteknar veiðar íslenskra fiskiskipa eru bundnar sérveiðileyfum og eru upplýsingar um fjölda slíkra leyfa að finna í töflu 2.

**Tafla 2. Fjöldi sérveiðileyfa fiskveiðiárin 2001/2002 – 2005/2006**

Tegund sérveiðileyfis	Fiskveiðiár				
	2001/2002	2002/2003	2003/2004	2004/2005	2005/2006
Grásleppuveiðileyfi	321	371	353	271	163
Dragnótaveiðileyfi	125	129	132	122	112
Innfjarðarækjuveiðileyfi	31	26	8	7	0
Hörpudiskveiðileyfi	26	10	0	0	0
Ígulkeraveiðileyfi	0	0	0	4	0
Síldveiðar með vörpu	24	22	21	23	24
Úthafskarfaveiðileyfi	25	27	24	19	16
Rækjuveiðileyfi á Flæmingjagrunni	6	6	2	2	2
Leyfi til veiða úr norsk-ísl. síldarstofninum	37	35	27	27	27
Leyfi til veiða á norsk-ísl. síld í norskrí lögsögu	7	6	0	0	0
Gulllaxveiðileyfi	35	38	36	36	43
Kolmunnaveiðileyfi	27	23	24	25	24
Kolmunnaveiðileyfi í færeyskrí lögsögu	27	23	24	25	24
Síldar- og makrílveiðar í færeyskrí lögsögu	11	3	1	2	13
Þorskveiðar í norskrí lögsögu	11	4	7	5	5
Þorskveiðar í rússneskrí lögsögu	6	4	6	4	5

Leyfum til grásleppuveiða fækkaði mikið og hafa aldrei verið færri. Engin leyfi til veiða á hörpudiski eða innfjarðarrækju voru gefin út á fiskveiðiárinu vegna veiðibanns. Nokkur fækkun varð í útgáfu dragnótaveiðileyfa og leyfa til úthafskarfaveiða. Einnig voru gefin út 7 veiðileyfi til karfaveiða í Smugunni, ekki er vitað hvort framhald verður á þeim veiðum.

Meðal verkefna veiðiheimildasviðs er að veita erlendum fiskiskípum leyfi til veiða í íslenskrí fiskveiðilögsögu. Slík leyfi eru veitt á grundvelli samninga sem Ísland hefur gert við önnur ríki. T.d. fá íslensk skip leyfi til kolmunna, síld og makrílveiða í færeyskrí lögsögu og færeysk skip leyfi til kolmunna, síld og bolífiskveiða í íslenskrí lögsögu. Upplýsingar um fjölda leyfa undanfarin fimm ár eru í töflu 3.

**Tafla 3. Fjöldi veiðileyfa erlendra skipa í íslenskrí lögsögu 2002 – 2006.**

Tegund veiðileyfis	2002	2003	2004	2005	2006
Kolmunnaveiðileyfi	11	15	15	15	14
Loðnuveiðileyfi	107	103	94	86	96
Úthafskarfaveiðileyfi	1	1	1	1	1
Línu- og handfæraveiðileyfi	55	53	44	42	41
Leyfi til veiða úr norsk-ísl. síldarstofninum	1	8	8	8	8
Karfaveiðileyfi	16	15	15	13	11
<b>Samtals veiðileyfi erlendra skipa</b>	<b>191</b>	<b>195</b>	<b>177</b>	<b>165</b>	<b>171</b>

Útgefnum veiðileyfum til erlendra skipa hér við land fjölgaði frá síðasta ári og munar þar mestu fjölgun leyfa til loðnuveiða norskra skipa.

### Aflaheimildir

Sjávarútvegsráðherra ákveður fyrir hvert fiskveiðiár leyfilegan heildarafla fisktegunda sem veiðar eru takmarkaðar á. Fiskistofa úthlutar aflaheimildum til einstakra skipa á grundvelli þeirrar ákvörðunar. Í töflum 14 og 15, blaðsíðum 29 og 30, í kafla um upplýsingavið í skýrslunni er að finna tölulegar upplýsingar um úthlutun og afla fiskveiðiársins 2005/2006.

Auk ofangreinds úthlutar Fiskistofa sérstökum aflaheimildum til einstakra fiskiskipa. Vinna við slíkar úthlutanir og margs konar upplýsingagjöf því tengd er orðin umtalsverð. Í töflu 4 eru upplýsingar um magn slíkra úthlutana á fimm ára tímabili.

**Tafla 4. Úthlutun bóta skv. lögum nr. 38/1990 fiskveiðiárin 2001/2002 - 2005/2006**

	2001/2002	2002/2003	2003/2004	2004/2005	2005/2006
Byggðastofnun skv. bráðabirgðaákvæði nr. XXVI	1.500	1.500	1.515	750	366
Jöfnunarsjóður skv. 9. gr. a	2.583	2.644	2.557	2.588	2.570
Krókabætur skv. bráðabirgðaákvæði nr. XXXI	1.724	1.750	1.510	610	334
Byggðakvóti skv. 2. tl. 9. gr.		1.966	1.500	3.201	4.010
Rækjubætur skv. 1. tl. 9. gr.	1.826	2.018	2.128	1.949	1.685
Skelbætur skv. 1. tl. 9. gr.	185	574	2.190	1.635	1.411
Þorskeldi skv. bráðabirgðaákvæði nr. XXX	248	361	417	182	333
Samtals	8.067	10.813	11.817	10.915	10.709

Úthlutað magn til skipa í þorskígildislestum talið.

### Flutningur aflahlutdeilda

Í töflu 5 eru upplýsingar um flutning aflahlutdeilda milli fiskiskipa á 5 ára tímabili. Rétt er að vekja sérstaka athygli á að um veltutölur er að ræða. Það þýðir að séu sömu aflahlutdeildir fluttar milli skipa oftast en einu sinni á fiskveiðiárinu eru þær taldar í hvert sinn sem þær eru fluttar.

**Tafla 5. Flutningur hlutdeilda milli skipa fiskveiðiárin 2000/2001 - 2004/2005**

Fisktegund	2001/2002	2002/2003	2003/2004	2004/2005	2005/2006
Þorskur	23,4%	21,3%	19,9%	19,8%	18,4%
Ýsa	25,4%	23,1%	25,0%	30,7%	27,3%
Ufsi	21,9%	21,0%	17,4%	24,7%	21,6%
Karfi	15,3%	14,1%	18,6%	33,2%	30,5%
Langa	29,5%	23,6%	22,9%	31,9%	17,2%
Keila	34,4%	27,2%	27,4%	54,6%	10,2%
Steinbítur	26,4%	32,4%	25,6%	36,6%	24,6%
Skötuselur	28,9%	48,9%	27,2%	27,4%	14,1%
Grálúða	20,8%	24,7%	17,3%	7,3%	19,5%
Skarkoli	16,9%	21,0%	15,2%	23,1%	12,1%
Þykkvalúra	29,5%	20,4%	18,4%	24,3%	17,0%
Langlúra	15,7%	7,2%	7,0%	6,0%	5,7%
Sandkoli	27,9%	28,5%	16,6%	24,8%	25,2%
Skrápflúra	27,8%	9,6%	30,0%	18,0%	9,7%
Síld	22,4%	17,1%	33,5%	18,7%	2,2%
Loðna	15,1%	11,7%	10,9%	16,7%	7,9%
Humar	18,8%	10,9%	27,6%	10,4%	7,4%
Úthafsækja	23,8%	30,3%	43,5%	32,1%	44,1%

Hlutfall af heildaraflahlutdeild. Um veltutölur er að ræða.

## Flutningur aflamarks

Í töflu 6 koma fram tölulegar upplýsingar um flutning aflamarks á síðastliðnu fiskveiðiári með samanburði við flutning aflamarks fiskveiðiárin 2003/2004 og 2004/2005. Flutningur aflamarks fiskveiðiársins 2005/2006 er flokkaður eftir eðli flutnings, þ.e. flutningur milli skipa í eigu sama aðila og flutningur milli skipa í eigu óskyldra aðila.

**Tafla 6. Heildarflutningur aflamarks milli fiskiskipa fiskveiðiárið 2005/2006**

Fisktegund	Fiskveiðiárið 2005/2006			Fiskveiðiárið 2004/2005	Fiskveiðiárið 2003/2004
	Milli skipa í eigu sama aðila	Milli skipa í eigu óskyldra aðila	Samtals	Samtals	Samtals
Þorskur	34.188	60.138	94.326	91.464	88.182
Ýsa	24.470	45.488	69.958	54.670	39.148
Ufsi	25.207	30.197	55.404	44.146	31.031
Karfi	25.231	25.132	50.363	48.408	34.451
Langa	1.804	1.611	3.415	2.466	1.857
Keila	2.695	1.001	3.696	2.422	2.203
Steinbítur	2.803	10.871	13.674	13.077	12.136
Úthafskarfi	8.334	4.055	12.389	6.989	13.118
Skötuselur	370	1.832	2.202	1.812	1.559
Grálúða	6.865	5.881	12.746	16.712	21.890
Skarkoli	1.496	3.650	5.146	4.379	4.062
Þykkvalúra	525	1.220	1.745	1.432	1.271
Langlúra	654	682	1.336	1.322	813
Sandkoli	1.432	2.010	3.442	3.617	4.370
Skráþflúra	1.525	1.851	3.376	5.143	4.326
Síld	27.747	17.187	44.934	55.335	66.536
Loðna	39.777	15.752	55.529	148.751	139.705
Kolmunn	79.429	34.992	114.421	66.997	137.662
Norsk-íslensk síld	58.036	24.208	82.244	116.939	74.943
Humar	152	207	359	442	485
Úthafsækja	3.730	8.650	12.380	16.725	30.350
Flæmingjarækja	0	5.401	5.401	2.375	3.036
Norskur þorskur	1.907	1.909	3.816	3.035	3.835
Rússneskur þorskur	1.285	1.321	2.606	1.990	3.475
Innfjarðarrækja				100	344

Ofangreindar tölur miðast við lestir og slægðan fisk þar sem það á við. Um veltutölur er að ræða.

## Samskipti við erlend stjórnvöld og alþjóðasamtök

Starfsmenn sviðsins höfðu talsverð samskipti við erlend stjórnvöld, aðallega færeysk, grænensk, rússnesk og norsk, auk Evrópusambandsins, einkum hvað varðar veiðileyfi íslenskra skipa í erlendum lögsögum og erlendra skipa í íslenskri lögsögu. Einnig hefur veiðiheimildasvið milligöngu um að fá nánari skýringar á tilteknum reglum sem gilda við veiðar í lögsögum annarra ríkja ef þörf er á. Starfsmenn sviðsins tóku þátt í vinnufundum varðandi stjórnun fiskveiða hjá Norðaustur- (NEAFC) og Norðvestur Atlanshafsfiskveiðinefndunum (NAFO) auk aðalfunda þessara fjölþjóðastofnana. Í kjölfar s.k. Smugusamninga vegna veiða íslenskra skipa í Barentshafi hafa Íslendingar og Rússar hist árlega og rætt samstarf þjóðanna á sviði sjávarútvegs og hafa starfsmenn sviðsins tekið þátt í þessum fundum. Þá hafa þeir einnig setið samningafundi um stjórn veiða á norsk-íslenskri síld þegar óskað hefur verið eftir því.

## VEIÐIEFTIRLITSSVIÐ

Í upphafi ársins 2006 voru þrjár deildir innan veiðieftirlitssviðs, þ.e. landeftirlitsdeild, sjóeftirlitsdeild og fiskeldisdeild. Á árinu var sérverkefnasviðs Fiskistofu lagt niður og voru þá verkefni þess, s.s. skyndilokanir veiðisvæða, flutt á veiðieftirlitssvið. Starfsmenn veiðieftirlitssviðs voru í desember 39 talsins, 8 starfsmenn eru á skrifstofu og 31 eftirlitsmaður. Eftirlitsmenn starfa við eftirlitsstörf á vettvangi á sjó og í landi. Fimm staðbundnir eftirlitsmenn eru á Akureyri og einn á Ísafirði. Einnig var opnað útibú á Höfn í Hornafirði á árinu og eru 3 staðbundnir eftirlitsmenn þar. Að auki eru eftirlitsmenn starfandi í hlutastarfi við fiskmarkaði í Grimsby og Hull í Englandi.

Í upphafi ársins voru virkir árangursmælikvarðar fyrir veiðieftirlitssvið sem gefa áttu vísbendingar um árangur sviðsins til að styðja stefnu stofnunarinnar samkvæmt hugmyndafræði stefnumiðaðs árangursmats. Á árinu 2006 var sú ákvörðun tekin að taka flesta þessa mælikvarða út úr stefnukorti stofnunarinnar þar sem þeir þóttu ekki sýna rétta mynd af árangri sviðsins. Unnið var að gerð nýrra mælikvarða og er því starfi ólokið. Þrátt fyrir að mælikvarðar hafi verið teknir út úr stefnukorti stofnunarinnar, setti veiðieftirlitssvið sér markmið um ýmsa þætti s.s. eftirlit í landi, eftirlit á sjó, dreifingu landeftirlits og brottkastverkefni svo dæmi séu tekin. Í langflestum tilfellum náðust þau markmið sem sett höfðu verið.

## LANDEFTIRLIT

Í landeftirlitsdeild eru verkefni eftirlitsmanna margþætt líkt og ráða má af eftirfarandi uppstillingu:

- *Eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla*
- *Eftirlit með afladagbókum*
- *Eftirlit með veiðarfærum og aflsamsetningu*
- *Stærðarmælingar á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða*
- *Kvörnun og kyngreining fiska*
- *Eftirlit með fiskflutningum*
- *Hitastigsmælingar á fiski og eftirlit með fiskílátum*
- *Undirmálmælingar*
- *Eftirlit með línuviltun*

Eftirlitsmönnum á vettvangi er ætlað að hafa eftirlit með að aðilar í sjávarútvegi fari að lögum og reglum við störf sín. Þá er stór þáttur í starfi eftirlitsmanna að útskýra fyrir mönnum og leiðbeina þeim hvernig vinna skuli eftir gildandi reglum. Eftirlitsmennirnir vinna ýmis störf í samstarfi við starfsmenn annarra stofnana og má þar nefna starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar, Landhelgisgæslu Íslands, lögreglu og starfsmenn hafna.

Eftirlit með vigtun og skráningu afla er án efa það verkefni landeftirlitsmanna sem tímafrekast er. Hér á eftir verður því fjallað nánar um þetta eftirlit og nokkur önnur mikilvæg verkefni eftirlitsmanna.

### **Eftirlit með útflutningi á óunnum afla**

Eftirlitsmenn fylgdust með lestun í 399 gáma á löndunarstað og skráðu hjá sér allar helstu upplýsingar varðandi innihald þeirra. Upplýsingar um innihald gámana voru bornar saman við innihaldslýsingar frá skipstjórum skipanna. Í öllum tilvikum voru frávikin það lítil að ekki var ástæða til að grípa til frekari aðgerða.

Í Hull og Grimsby í Englandi eru starfandi eftirlitsmenn sem fylgjast með affermingu gáma á fiskuppbóðsmörkuðunum þar. Eftirlitsmenn skrá hjá sér allar helstu upplýsingar varðandi innihald gámanna og senda til Fiskistofu. Gámainnihaldslýsing frá eftirlitsmönnum bæði hér heima og í Englandi er síðan borin saman við áætlun útflytjenda og sölutölur erlendis frá.

### Eftirlit með vigtunarleyfishöfum og skráningu afla á hafnarvogum

Löndunarhafnir á Íslandi árið 2006 voru 59 talsins. Fylgst er með því hvort afli sé fluttur á hafnarvog. Í framhaldi af því er athugað hvort aflinn sé réttilega skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs og hvort vigtarnótur séu rétt útfylltar.

Vigtunarleyfishafar voru 139 talsins í desember 2006. Fiskistofa tekur reglulega út vigtunarleyfishafa og eru eftirfarandi atriði athuguð sérstaklega: Löggilding voga, löggilding vigtarmanna, framkvæmd vigtunar, útfylling á vigtarnótum og skil á vigtarnótum til hafna.

**Tafla 7. Fjöldi vigtunarleyfishafa í desember 2006**

Landsvæði	Fjöldi
Svæði 1, Grindavík - Vogar	25
Svæði 2, Hafnarfjörður - Akranes	16
Svæði 3, Arnarstapi - Stykkishólmur	16
Svæði 4, Búðardalur - Reykhólar	0
Svæði 5, Brjánslækur - Bíldudalur	4
Svæði 6, Þingeyri - Súðavík	11
Svæði 7, Norðurfjörður - Hólmavík	3
Svæði 8, Hvammstangi - Siglufjörður	10
Svæði 9, Ólafsfjörður - Húsavík	11
Svæði 10, Grímsey	1
Svæði 11, Kópasker - Vopnafjörður	8
Svæði 12, Borgarfjörður eystri - Breiðdalsvík	12
Svæði 13, Djúpivogur - Hornafjörður	7
Svæði 14, Vík - Þorlákshöfn	7
Svæði 15, Vestmannaeyjar	9
<b>Samtals</b>	<b>139</b>

Öllum framangreindum eftirlitsþáttum var sinnt á árinu 2006 en megináherslan var lögð á eftirlit með framkvæmd vigtunar hjá vigtunarleyfishöfum. Einnig var haft eftirlit með skilum á vigtarnótum til hafna með það að markmiði að tryggja að afli sé réttilega færður til aflamarks á viðkomandi skip innan þeirra tímamarka sem reglur gera ráð fyrir.

Í tveimur tilvikum voru vigtunarleyfi afturkölluð vegna brota á reglum um vigtun sjávarafla.

### Eftirlit með skráningum í afladagbækur

Framkvæmdar voru 994 skoðanir á skráningum í afladagbækur. Allir skipstjórar íslenskra fiskiskipa, sem stunda veiðar í atvinnuskyni, skulu halda sérstakar afladagbækur. Í 7 tilfellum reyndist skráning vera ófullnægjandi, og annaðist lögfræðisvið afgreiðslu þeirra mála. Engin bátur eða skip var svipt veiðileyfi vegna afladagbóka. Einnig ber að geta þess að um 50 skip og bátar eru komnir með rafrænar afladagbækur í notkun hjá sér um borð. Einnig voru skráningar skoðaðar hjá þeim.

## Eftirlit með bátum vegna línuívilnunar

Bátum sem ætla að nýta sér línuívilnum er skylt að nota sjálfvirkan tilkynningabúnað (STK), sem skráir sjálfvirkt allan tíma sem þeir eru á sjó. Fiskistofa hefur aðgang að STK-kerfinu til eftirlits, en við útreikning á línuívilnun er einnig stuðst við tilkynningar sem sendar eru í gegnum Símalínu, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu.


## Undirmálmælingar

Markvisst var unnið að því á árinu að mæla undirmálsfisk þ.e.a.s. þorsk og ýsu. Með hugtakinu undirmál er átt við þorsk, ýsu, ufsa og karfa undir tilteknum stærðarmörkum. Undirmál nýtur ívilnunar við skráningu til aflamarks að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Fiskistofa telur mikilvægt að kanna með reglubundnum hætti undirmálsafla skipa í þeim tilgangi að tryggja að skip njóti ekki ívilnunar við skráningu afla til aflamarks þegar aflinn er yfir umræddum stærðarmörkum.

## EFTIRLIT Á SJÓ


Meginviðfangsefni veiðieftirlits Fiskistofu á sjó er að koma í veg fyrir skaðlegar og ólöglegar veiðar og stuðla að bættri umgengni um nytjastofna sjávar. Koma í veg fyrir smáfiskadráp, brottkast afla, fylgjast með aflameðferð, veiðarfærum og búnaði fiskiskipa, gildi veiðileyfa og færslu afladagbóka. Fylgst er með afla- og stærðarsamsetningu um borð í fiskiskipum, fiskur er mældur og kvarnaður og upplýsingum og sýnum safnað í þágu hafrannsóknna og fiskveiðistjórnunar.

Mynd 2. Skipting eftirlits á sjó árið 2006 eftir veiðidögum



Að jafnaði sinna 15 eftirlitsmenn Fiskistofu eftirliti með íslenskum ísfiskskipum sem eru við veiðar innan íslensku fiskveiðilandhelginnar. Þessir eftirlitsmenn fóru í alls 449 (412) veiðiferðir, sem stóðu samtals í 1.186 (1.227) daga. (Árið 2005 innan sviga).

Mynd 3. Skipting eftirlits eftir veiðarfærum innan landhelgi árið 2006 (ísfiskskip)



Fjölgun veiðiferða og fækkun veiðidaga á árinu 2006, frá fyrra ári, er vegna þess að farið var með fleiri dagróðrabátum á árinu 2006. Þá sinntu 6 eftirlitmenn að jafnaði eftirliti með skipum sem hafa leyfi til að vinna afla um borð (vinnsluskip). Þessir eftirlitsmenn fóru í alls 45 (46) veiðiferðir, sem stóðu samtals í 1.006 (1.036) daga.

Á árinu mældu veiðieftirlitsmenn Fiskistofu um 680.000 (750.000) fiska og skeldýr af helstu nytjastofnum og kvörnuðu 14.000 (20.300) fiska, (Árið 2005 innan sviga).

### Möskvamælingar

Við eftirlit á sjó voru gerðar reglubundnar mælingar á möskvum togveiðarfæra þ.e. varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri og dragnóta. Möskvar eru mældir, samkvæmt verklagsreglu, í upphafi veiðiferðar eða í upphafi notkunar ef fleiri en eitt veiðarfæri er notað í veiðiferðinni. Möskvar 229 veiðarfæra voru mældir í 165 veiðiferðum, í 3 tilvikum reyndust möskvar of litlir og voru umrædd veiðarfæri umsvifalaust tekin úr notkun.

### Brottkastsverkefni

Líkt og undanfarin ár hefur verið safnað gögnum um afla (lengdarmælingum) með það að markmiði að meta brottkast afla. Veiðieftirlit Fiskistofu hefur umsjón með þessari gagnaöflun. Skipum er skipt í flokka eftir veiðarfærum, stærð og löndunarstöðum. Gögnunum er safnað með tilviljunarkenndu úrtaki. Hjá neta- og dragnótabátum er sá háttur hafður á, að eftir að skip hefur verið valið, er landaður afli lengdarmældur. Síðan fer eftirlitsmaður með bátinum í næstu veiðiferð og lengdarmælir afla bátsins. Hvað togskip, línu- og handfærabáta varðar er framkvæmdin eins, nema ekki er alltaf um samliggjandi veiðiferðir að ræða. Liggur þessi munur í því að veiðisvæði neta- og dragnótabáta eru staðbundnari en togskipa, línu- og handfærabáta.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina. Það hófst árið 2001 og hefur vaxið jafnt og þétt á hverju ári. Hafrannsóknastofnunin gefur árlega út skýrslu þar sem tölfræðilegar niðurstöður verkefnisins eru birtar.

### Veiðieftirlit á grunnslóð

Fiskistofa leigði Dröfn RE tvívegis á nýliðnu ári (2006), að vori og hausti. Annars vegar á tímabilinu 25. maí til 22. júní og hins vegar frá 12. til 26. september. Markmiðið var að sinna



veiðieftirliti á grunnslóð og beindist fyrst og fremst að línu- handfæra- og dragnótabátum. Með Dröfninni voru þrjú veiðieftirlitsmenn Fiskistofu ásamt þriggja manna áhöfn.

Alls var farið um borð í 108 skip og báta, 67 línubáta, 22 handfærabáta, 17 dragnótabáta, 1 netabát og 1 togara. Gerðar voru 178 mælingar á afla, alls 28.413 fiskar auk annarra athuganna s.s. afladagbóka- og veiðarfæraskoðanna og á aflameðferð.

Farið var hringinn í kringum landið, en mest verið úti fyrir vestur- og norðurlandi. Vorleiðangurinn heppnaðist mjög vel og var veður og sjólag hagstætt þannig að vel gekk að fara frá Dröfninni, um borð í bátana af sjó. Í haustleiðangrinum var veður rýsjótt fyrri vikuna og þess vegna færri bátar á sjó en ella, en seinni vikuna voru gæftir góðar og sjósókn því mikil og árangurinn eftir því.

Helstu verkefni veiðieftirlits á grunnslóð hafa verið og eru breytileg frá ári til árs. Mikil fjölgun trilla (báta undir 15 brt.), á undanförunum misserum, með beitningavél hefur leitt til gífurlegrar aukningar á línuveiðum á grunnslóð. Samfara þessu hefur nýliðun í ýsu undanfarin ár verið mjög góð og er t.d. árgangurinn 2002 stór og árgangurinn 2003 mjög stór sbr. Ástandsskýrslu Hafró 2006 en þar segir ennfremur um ýsustofninn “Ef forsendur um vöxt ganga eftir verður stór hluti árgangs 2003 um 40 cm langur árið 2007 og ef hann heldur sig á svipuðum svæðum og eldri fiskurinn gæti brottkast orðið verulegt og skyndilokanir tíðar á árinu 2007.” Í haustleiðangrinum með Dröfn RE urðu menn víða varir við töluverða smáysugengd (2003 árgangurinn), enda kom í ljós að nokkuð var um að lengdarmælingar á ýsu og þorski stóðust ekki viðmiðunarmörk. Leiðangrarnir með Dröfninni voru í alla staði mjög árangurríkir. Það er því mat veiðieftirlitsins að yfirráð og aðgangur að ca. 100 tonna skipi, jafnvel tímabundinn, skipti sköpum um gott og markvisst eftirlit með veiðum á grunnslóð

### **Eftirlit í landi með afurðum skipa sem vinna afla um borð**

Með reglubundnum hætti er athugað hvort vigtun og skráning afurða skipa sem vinna afla um borð, sé í samræmi við reglur. Við löndun afurða bera eftirlitsmenn einnig saman nýtingarskýrslur, nýtingarsýni og vinnslusýni til að kanna hvort rétt sé staðið að nýtingarmælingum um borð í skipunum og eru ljósmyndir teknar af sýnum. Ef upp koma frávik frá reglum er brugðist við með skipulögðum hætti. Fylgst er með að bætt sé úr annmörkum og viðurlögum beitt, sem fyrst og fremst felast í að nýting sé miðuð við upphafsstuðla. Fjöldi úttekta á árinu voru átján talsins.

### **Eftirlit með veiðum íslenskra skipa á Flæmingjagrunni**


Á árinu stundaði eitt íslenskt rækjuskip veiðar á svæðinu og var eftirlitsmaður um borð u.þ.b. helming tímans. Eftirlitsmaður var um borð í 3 veiðiferðum, í alls 75 daga.

Við karfaveiðar á NAFO veiðisvæðinu suðvestur af Grænlandi voru eftirlitsmenn um borð í 2 veiðiferðum, í alls 29 daga.

### **Eftirlit með veiðum skipa Evrópusambandsins í íslenskri fiskveiðilandhelgi**

Skilyrt er að eftirlitsmaður Fiskistofu sé um borð í hverju skipi allan tímann meðan skipið er að veiðum. Á árinu stunduðu alls 5 skip þessar veiðar í 25 veiðiferðum sem stóðu í 243 daga. Nýjar reglur, um meðafla EB skipa, tóku gildi á árinu. Fiskistofu er nú heimilt að loka veiðisvæðum, í allt að 14 daga, fari meðafla yfir tiltekin viðmiðunarmörk. Veiðisvæðum var lokað 11 sinnum. Þessar nýju reglur virtust skila miklum árangri þ.e. meðafla er margfalt minni en á undanförunum árum

Mynd 4. Afli EB skipa eftir tegundum




Alls voru veidd 1.001 tonn (2.177) af skipum Evrópusambandsins, sem skiptast þannig: Karfi 844 tonn (1.227), þorskur 47 tonn (388) annar meðafli 110 tonn (562), (Árið 2005 innan sviga).

## SKYNDILOKANIR

Mikið var um skyndilokanir á árinu 2006 og voru þær samtals 171 (95), en veiðisvæðum er skyndilokað ef hlutfall smáfisks eða meðafla fer yfir tiltekin viðmiðunarmörk. Er þetta mesti fjöldi skyndilokana frá upphafi. Skyndilokað var vegna línuveiða 99 (44), botnvörpuveiða 43 (36), dragnótaveiða 12 (7), handfæraveiða 9 (2), síldveiða 6 (1), meðafli í síld 2 (0) og meðafli í kolmunna 0 (5). (Árið 2005 í sviga.)

Mynd 5. Fjöldi skyndilokana sl. ár



## EFTIRLIT MEÐ FISKELDI

Fiskeldisdeild ber ábyrgð á útgáfu rekstrarleyfa til eldis nytjastofna sjávar og eftirliti með rekstrarleyfishöfum og skráningum þeirra í rafræna framleiðsludagbók í fiskeldi (að undanskildum skelfisk sem fluttist til matvælaeftirlitssviðs á árinu).

Á árinu var gefið út eitt nýtt rekstrarleyfi og við árslok var ein umsókn til viðbótar í vinnslu. 32 rekstrarleyfi eru í gildi þó ekki sé í öllum tilvikum um virka starfsemi að ræða. Þær tegundir sem gefin hafa verið út rekstrarleyfi fyrir eru þorskur, ýsa, kræklingur, sæeyra, sandhverfa, lúða, steinbítur og hlýri. Eldisaðferðir eru áframeldi, aleldi, hjarðeldi og ræktun krækings á langlínnum. Aðallega er um áframeldi á þorski að ræða.

Sjávarútvegsráðherra úthlutaði 500 tonna kvóta til veiða á þorski í áframeldi árið 2006. 156 tonna kvóta til veiða á þorski í áframeldi var jafnframt endurúthlutað á árinu. Þetta er kvóti sem á fyrri árum hefur verið úthlutað til fyrirtækja til veiða á þorski í áframeldi en ekki verið nýttur. Veiðar fóru fram á tímabilinu maí til ágúst. Fönguð voru 396 tonn af þorski í 30 veiðiferðum. Aðferðir við föngun eru ólíkar, helst má nefna föngun með krókum, í nót eða vörpu, háfun og veiðar í sérútbúnaar gildirur. Eftirstöðvar kvóta til veiða á þorski í áframeldi frá 2006 og fyrri árum voru um áramót 2006/2007 587 tonn.

Alls var slátrað 1.624 tonnum af fiski úr eldi á árinu. 325 tonn fóru beint í útflutning, 1.299 tonn til vinnslu innanlands. Nánari skiptingu á slátrun eftir tegundum má sjá í töflunni hér að neðan (bráðabirgðatölur).

Tafla 8. Slátrað magn af eldisfisk eftir tegundum 2006

	Tegund	Magn (kg)
Aleldi	Lúða	131.244
Aleldi	Þorskur	179.955
Aleldi	Sandhverfa	58.000
Áframeldi	Ýsa	22.852
Áframeldi	Þorskur	1.232.058
		<b>1.624.109</b>

115 þúsund þorskseiði og 45 þúsund sandhverfuseiði voru framleidd á árinu sem öll fóru í áframhaldandi eldi innanlands. 539 þúsund lúðuseiði voru framleidd á árinu, flest þeirra voru flutt til eldis í Skotlandi og Noregi.


Fiskeldisstöðvar í starfsemi voru allar heimsóttar einu sinni á árinu, nokkrar oft. Eftirlit er haft með föngun fisks til áframeldis og flutning hans í kvíar eftir atvikum. Einnig er fylgst með staðsetningu, ástandi og fjölda kvía ásamt slátrun fisks. Þá er notkun á rafrænni framleiðsludagbók í fiskeldi fylgt eftir.

## BROT OG VIÐURLÖG

Á veiðieftirlitssviði koma oft upp mál þess eðlis að grípa þarf til beitingu viðurlaga. Aðforstöðumaður veiðieftirlitssviðs ber ábyrgð á meðferð þeirra mála sem upp koma innan sviðsins er varða meint brot gegn lögum og reglum um fiskveiðar og meðferð sjávarafla og eftir atvikum beitingu viðurlaga ásamt því að annast kærur mála til lögreglu.

Samtals voru 85 mál til meðferðar vegna meintra brota gegn lögum og reglum. Flest þeirra vörðuðu brot gegn reglum um flokkun undirmálsafla, ófullnægjandi merkinga veiðarfæra og vigtun sjávarafla almennt. Auk þess komu upp nokkur mál vegna brottkasts og mál vegna löndunar framhjá vigt. Sjá má hvernig fjöldi mála skiptist eftir málaflokkum á mynd 6 hér að neðan.

Mynd 6. Fjöldi mála 2006 eftir flokkum



Flestum málum lauk með athugasemdum er varða verklag ásamt áminningu um að fara framvegis að lögum og reglum en nokkuð var um að málum væri lokið með leyfissviptingu eða kæru til lögreglu. Vert er að hafa í huga að í lok ársins hefur ekki verið lokið meðferð allra þeirra mála sem upp hafa komið á árinu.

Tafla 9. Mál sem sætt hafa opinberri rannsókn eða viðurlögum 2005 og 2006

	2005	2006
Mál kærð til lögreglu	1	5
Veiðileyfisviptingar	16	8
Afturkallanir vigtunarleyfa	6	2

## MATVÆLAEFTIRLITSSVIÐ

Undir matvælaeftirlitssvið falla deildirnar vinnslueftirlit og innflutningseftirlit. Starfsmenn sviðsins eru 12. Á næstu blaðsíðum er fjallað um starfsemi matvælaeftirlitssviðs á árinu 2006.

## VINNSLUEFTIRLIT

Vinnslueftirlit matvælaeftirlitssviðs Fiskistofu annast framkvæmd laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og reglugerða sem settar hafa verið með stöð í þeim. Markmið laganna er að tryggja neytendum að íslenskar sjávarafurðir séu heilnæmar, að afurðirnar standist kröfur um gæði og að þær séu framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður.

Vinnslueftirlit gefur út vinnsluleyfi til framleiðslu sjávarafurða til útflutnings, hefur umsjón með reglubundnu eftirliti með starfs- og vinnsluleyfishöfum og áminnir eða sviptir þá vinnsluleyfum, gerist þeir brotlegir við gildandi lög og reglur.

Faggiltar skoðunarstofur annast reglubundið eftirlit með hreinlæti, aðstöðu, búnaði og innra eftirliti vinnsluleyfishafa í umboði Fiskistofu. Starfsleyfisveitingar til þeirra eru í höndum matvælaeftirlitssviðs Fiskistofu. Faggiltar skoðunarstofur eru skoðaðar árlega af þar til bærum faggildingaraðilum og hafa starfsmenn vinnslueftirlitsins komið að þeirri úttekt sem tæknilegir ráðgjafar.

Á árinu varð nokkur breyting á samskiptum ESA og Fiskistofu. ESA hefur tekið upp nýtt verklag við skoðanir sem byggir á meira samstarfi við yfirvöld til að tryggja að farið sé að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Fóru fulltrúar Fiskistofu til Brussel til viðræðna við ESA um eldri útistandandi mál og kom svo ESA í s.k. General review mission til Íslands í nóvember.

### Faggiltar skoðunarstofur í sjávarútvegi

Engin breyting varð á fjölda faggiltra skoðunarstofa í sjávarútvegi á árinu. Þær eru nú tvær, þ.e. Sýni Skoðunarstofa ehf. og Frumherji hf. - Matvælasvið.

### Eftirlit á vettvangi

Hið beina eftirlit með starfsemi vinnsluaðila er framkvæmt af skoðunarstofunum í umboði Fiskistofu. Fjöldi reglubundinna skoðana skoðunarstofanna í hverju fyrirtæki er fjórar á ári eða hlutfallslega ef um árstíðabundna vinnslu er að ræða.

Heildarfjöldi úttekta skoðunarstofa hjá landvinnslum og í vinnsluskipum á árinu 2006 var 1241. Alls var 425 málum vísað til Fiskistofu en málum er vísað þangað þegar fram koma athugasemdir eða frávik við skoðun sem teljast alvarleg eða hafa komið áður fram og ekki verið lagfærð.

Á síðasta ársfjórðungi ársins var ákveðið að skoðunarstofurnar skyldu ekki framkvæma eftirlitið samkvæmt skoðunarhandbók heldur myndu þær gera aðra gerð skoðunar. Fékk þetta verkefni nafnið broskarlakönnunin. Kannað var hreinlæti, umgengni o.þ.h. en minni áhersla lögð á aðstöðu og búnað. Verða niðurstöður kynntar snemma á árinu 2007.

Bátar og skip sem leyfi hafa til veiða eiga jafnframt að hafa starfsleyfi frá Fiskistofu. Fiskiskip sem eru 15 brúttótonn og stærri eru skoðuð einu sinni til tvisvar á ári eftir stærð þeirra. Þessar skoðanir eru einnig gerðar af skoðunarstofnum. Fiskiskip undir 15 brúttótonnum voru á árinu


2005 færð undan þeirri skyldu að hafa samning við faggilta skoðunarstofu. Fiskistofa annast eftirlit með því að þessi skip uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hreinlætis, búnaðar og meðferðar afla samkvæmt reglugerðinni, samhliða öðru eftirliti með þessum fiskiskipum.

### Veiting vinnsluleyfa

Fiskistofa annast upphafsskoðun hjá þeim aðilum sem ráðgera að hefja fiskvinnslu eða eru að breyta starfsemi sinni en skoðunarstofurnar sjá síðan um reglulegt eftirlit þegar Fiskistofa hefur veitt viðeigandi leyfi.

Kynnt var breyting á verklagi við útgáfu vinnsluleyfa sem tók gildi 1. janúar 2007. Veiting leyfis verður gerð í áföngum, þannig að fyrst er gefið út bráðabirgðaleyfi til skemmri tíma, minnst til þriggja en lengst til 6 mánaða og að þeim tíma liðnum er staða umsækjandans metin að nýju. Skilyrði þess að fullgilt ótímabundið vinnsluleyfi verði gefið út er að innra eftirlit umsækjandans sé virkt og að þrif, umgengni og framleiðsluhættir séu í samræmi við kröfur. Þegar endanlegt vinnsluleyfi hefur verið gefið út taka faggiltar skoðunarstofur yfir reglubundið eftirlit með framleiðendum. Tilgangur þessa nýja verklags er að tryggja eins og framast er unnt að fiskvinnsla sé ekki hafin fyrr en kröfum er fullnægt.

Mynd 7. Hlutfall niðurstaðna skoðana í fiskvinnsluhúsum 2000-2006



Fiskistofa gefur út skoðunarhandbækur sem innihalda allar kröfur sem gerðar eru til vinnsluleyfishafa varðandi innra eftirlit, starfsumhverfi, starfsfólk og vinnsluáðferðir. Skoðunarhandbækur Fiskistofu eru 5 talsins:

- *Almenn skoðunarhandbók – til úttekta á landvinnslufyrirtækjum og vinnsluskipum.*
- *Skoðunarhandbók fyrir skelfiskvinnslu.*
- *Skoðunarhandbók fyrir fiskimjöl og ljúsi.*
- *Skoðunarhandbók fyrir skip og báta*
- *Skoðunarhandbók fyrir fiskþurrkanir.*

Bækurnar eru birtar á heimasíðu Fiskistofu, [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is).

Eftirlitsmenn Fiskistofu sóttu heim fiskvinnslufyrirtæki og vinnsluskip 837 sinnum á árinu. Ríflega 66% þessara heimsókna var eftirfylgni vegna athugasemda sem fram koma við reglubundið eftirlit skoðunarstofanna. Alls voru gefnar út 27 aðvaranir um lokun en fjórum fyrirtækjum var lokað tímabundið.

### Samræmi í skoðunum

Skoðunarhandbækurnar gegna lykilhlutverki varðandi það að tryggja samræmi í framkvæmd skoðana hjá vinnslueyfishöfum. Skipulegt eftirlit af hálfu Fiskistofu er þó haft með starfsemi faggiltu skoðunarstofanna. Fylgst er sérstaklega með að eftirlitinu sé hagað á þann hátt sem fyrir er lagt, bæði varðandi tíðni heimsókna og framkvæmd.


Fylgst er með að samræmi sé í aðferðum og mati skoðunarstofanna og einstakra skoðunarmanna. Gerður er tölfræðilegur samanburður á eftirliti einstakra skoðunarmanna og einnig fara eftirlitsmenn vinnslueftirlits í úttektir sem bornar eru saman við skýrslur skoðunarmanna skoðunarstofanna. Skoðunarmenn og eftirlitsmenn vinnslueftirlits fara auk þess í sameiginlegar úttektir, þar sem kostur gefst á að bera saman niðurstöður.

Haldnir eru vinnufundir með skoðunarstofum þar sem m.a. er farið yfir misræmi sem kann að vera til staðar í framkvæmd skoðana.


### Útgáfa vinnsluleyfa

Á árinu bættust við 48 ný landvinnsluleyfi og 104 leyfi voru felld úr gildi. Í lok árs voru alls 567 vinnsluleyfi í gildi vegna landvinnslu og 62 skip með leyfi til frystingar eða vinnslu um borð. Á meðfylgjandi myndum hér á eftir er sýnd landfræðileg dreifing vinnsluleyfa og skipting leyfanna eftir vinnslugreinum.


Mynd 8. Fjöldi vinnsluleyfa landvinnslu eftir landshlutum 2000 - 2006



Mynd 9. Fjöldi vinnsluleyfa eftir vinnslugreinum 2000 - 2006



Mynd 10. Þróun heildarfjölda landvinnsluleyfa á árunum 2000 - 2006



### Útgáfa vottorða vegna útflutnings sjávarafurða

Við útflutning sjávarafurða er oft krafist sérstakra vottorða. Vottorðin staðfesta að afurðirnar séu unnar, geymdar og fluttar við aðstæður sem uppfylla opinberar kröfur um vinnslu sjávarafurða. Á vottorðinu kemur m.a. fram vinnsluleyfisnúmer framleiðanda en án vinnsluleyfis er óheimilt að framleiða sjávarafurðir til útflutnings.

Unnið var með tölvusviðinu og nokkrum útflytjendum að kerfi til að gera mögulega rafræna útgáfu vottorða. Var kerfið tekið í notkun 1. janúar 2007. Þetta er liður í að auka rafræna stjórnsýslu og mun rafræn útgáfa vottorða auka mjög skilvirkni í útgáfu vottorðanna og auðvelda Fiskistofu allt utanhald og eftirlit með vottorðum. Er þetta sérstaklega mikilvægt nú í ljósi þess að fyrir á árinu kom upp mál þar sem fölsuð vottorð voru notuð í viðskiptum með sjávarafurðir. Verður með nýjum aðferðum við útgáfuna og umsýsluna vonandi hægt að minnka líkurnar á að



slíkt gerist aftur. Reiknað er með að þessi breyting þýði einnig minni vinnu fyrir útflytjendur við útgáfu vottorðanna og auðveldi þeim störfun.

#### Fiskistofa gaf eftirfarandi vottorð út á árinu:

- Vottorð fyrir ESB - Health Certificate -heilbrigðisvottorð
- Vottorð fyrir önnur lönd - Certificate of Inspection - skoðunarvottorð
- Vottorð fyrir fiskimjöl - Animal Health Certificate - vottorð um heilnæmi dýrafóðurs
- Vottorð fyrir fiskimjöl/lýsi - Complimentary Certificate for Fishmeal/Fishoil - vottorð um heilnæmi dýrafóðurs
- Upprunavottorð - Certificate of Origin - staðfesting á upprunalandi
- Framleiðslu- og söluvottorð - Combined Certificate of Manufacturing and Free Sale
- Skoðunarvottorð - Inspection Certificate
- Staðfestingar að fiskafurðir hafi verið unnar í samræmi við kröfur bandarískra yfirvalda.

Alls voru vottorðin af 59 mismunandi gerðum á 20 tungumálum.

Á árinu voru alls gefin út 6.321 vottorð og hefur þeim því fækkað um tæp 20% frá fyrra ári. Á undanförunum árum hefur fjöldi útgefinna vottorða verið eftirfarandi:

Tafla 10. Útgefin vottorð vegna útflutnings sjávarafurða

Ár	Fjöldi útgefna vottorða
2006	6.321
2005	7.866
2004	9.029
2003	7.341
2002	6.730
2001	8.874
2000	10.704
1999	12.869
1998	15.903
1997	17.824
1996	18.516
1995	16.741

## SKELFISKEFTIRLIT

Skelfiskeftirlit Fiskistofu tekur til veiðisvæða og vinnslustöðva fyrir skelfisk, veiða, ræktunar og hagnýtingar, þar með talið til löndunar, flutnings, meðferðar, geymslu, vinnslu, pökkunar og dreifingar. Helstu verkefni skelfiskeftirlitsins eru heilnæmiskannanir og mat á stöðu veiðisvæða og eftirlit með þeim, vöktun vegna þörungaeiturs og eftirlit með veiðiskipum og vinnslustöðvum.

Skelfiskeftirlitið hefur nokkur sérkenni sem felast helst í því að heilnæmi veiðisvæða fyrir skelfisk er sérstaklega kannað og gögn sem lögð eru til grundvallar við flokkun þeirra eru unnin í samvinnu ríkisstofnana sem heyra undir Sjávarútvegsráðuneytið en það eru Fiskistofa, Hafrannsóknastofnunin og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Áður en leyfi er gefið út til skelveiða á nýju veiðisvæði er metið á grundvelli heilnæmiskönnunar hvort svæðið skuli opnað til skelveiða.

Engar hörpuðiskveiðar voru stundaðar þetta fiskveiðiárið frekar en síðastliðin ár og enn ekki ljóst hvenær veiðar hefjast aftur. Í Breiðafirði hafa hins vegar verið stundaðar veiðar og vinnsla á beitukóng.

Í ár varð sú breyting á að ekki voru stundaðar veiðar á kúfiskel til manneldis við Norðausturland, eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Á árinu var unnið við heilnæmiskannir á veiðisvæðum kúfkeljar í Vopnafirði og Héraðsflóa og út af Suðausturlandi frá Eystrahorni að Ingólfshöfða.

Eftirliti með eiturþörungum var framhaldið á þrem stöðum við landið í samvinnu Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar og Umhverfisstofnunar. Töluvert reyndist vera af eiturþörungum í sumar og fram á haust eins og sést á niðurstöðum sem er að finna á heimasíðu Hafrannsóknarstofnunar.

## INNFLUTNINGSEFTIRLIT

Áramótin 1998/1999 fluttust til Íslands ytri landamæri EES að því er varðar heilbrigðiseftirlit við innflutning á sjávarafurðum. Innflutningseftirlitið hóf þá störf og hefur verið í þróun síðan. Það annast rekstur landamærastöðva og eftirlit með innflutningi sjávarafurða til landsins og þar með inn á Evrópska efnahagssvæðið (EES) skv. lögum nr. 55/1998 og reglugerð nr. 849/1999.


Við eftirlitið störfuðu 6 manns á árinu. Þrír eftirlitsmenn sem auk þess störfuðu í landeftirliti, einn eftirlitsmaður í fullu starfi, einn eftirlitsmaður sem einnig er staðgengill deildarstjóra og deildarstjóri.

Starfsemi innflutningseftirlitsins er tvíþætt. Annars vegar rekstur og viðhald landamærastöðva og hins vegar eftirlit með innfluttum sjávarafurðum. Eftirlitið með innfluttum sjávarafurðum skiptist síðan í þrennt, þ.e. skoðun skjala sem þurfa að fylgja vörunni, auðkenning vörunnar, þ.e. hvort merkingar séu réttar skv. meðfylgjandi skjölum og heilnæmisskoðun sem felur meðal annars í sér hitastigsmælingar, skynmat og sýnatöku til rannsókna.

Á landinu eru starfræktar 7 landamærastöðvar. Þær eru staðsettar á Akureyri, Húsavík, Ísafirði, Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavíkurflugvelli og Þorlákshöfn.

Á Ísafirði og Akureyri eru staðsettir eftirlitsmenn sem sinna innflutningseftirliti og starfa einnig við veiðieftirlit. Eftirlitsmennirnir á Akureyri þjónusta einnig landamærastöðina á Húsavík. Landamærastöðvarnar í Hafnarfirði, Reykjavík, Keflavíkurflugvelli og Þorlákshöfn eru þjónustaðar frá skrifstofu Fiskistofu í Reykjavík.

Mynd 11. Hlutfall innfluttra sjávarafurða frá þriðju ríkjum eftir landamærastöðvum



Tafla 11. Magn innfluttra sjávarafurða frá þriðju ríkjum eftir landamærastöðvum

Reykjavík	7.839.491	Hafnarfjörður	5.182.166
Akureyri	1.093.386	Keflavíkurflugv.	2.176
Ísafjörður	496.555	Þorlákshöfn	612.112
Húsavík	339.810	Samtals:	15.565.696


Beituinnflutningur frá 3ju ríkjum var 2.433.292 kg. Fjöldi sýnishorna frá 3ju ríkjum sem ætluð voru til rannsókna eða sýninga voru 44, samtals 278 kg. Alls var flutt inn 17.999.266 kg af sjávarafurðum á árinu frá þriðju ríkjum.

Tafla 12. Fjöldi sendinga af sjávarafurðum sem fluttar voru inn frá þriðja ríki

Landamærastöð	Fjöldi sendinga	Sendingum hafnað
Reykjavík	169	1
Hafnarfjörður	28	0
Akureyri	8	1
Húsavík	3	0
Ísafjörður	8	0
Keflavíkurflugvöllur	11	1
Þorlákshöfn	1	0
<b>Alls:</b>	<b>228</b>	<b>3</b>

Fyrir hverja sendingu sem kemur til landsins er gefið út vottorð (CVED - almennt innflutningsskjal) til staðfestingar heilbrigðisefirliti. Sé sendingu skipt í fleiri en einn hluta skal gefa út nýtt CVED skjal fyrir hvern hluta fyrir sig. Skjalið skal fylgja viðkomandi hluta þar til hann kemst til ákvörðunarstaðar.

Mynd 12. Fjöldi sendinga af sjávarafurðum frá þriðju ríkjum eftir mánuðum



Innflutningur frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) er í s.k. „fríu flæði“ en innflytjendum er skylt að tilkynna um innflutninginn til Fiskistofu sem staðfestir móttöku tilkynninga en þessa staðfestingu þurfa innflytjendur til að geta tollafgreitt vöruna.

Tafla 13. Innflutningur sjávarafurða frá EES


	Fjöldi sendinga
Akureyri	46
Ísafirði	20
Reykjavík	1003
Ísl. vara endursend	38
<b>Alls:</b>	<b>1.107</b>

## UPPLÝSINGASVIÐ

Þann 1. janúar 2007 störfuðu á upplýsingasviði 7 starfsmenn í 6,1 stöðugildum. Stöðugildum fækkaði um 4,8 á árinu 2006. Ákveðið var að færa starfsmann í 80% starfi og annan í fullu starfi í skjalavörslu og tvo starfsmenn í símsvörun til rekstrarsviðs stofnunarinnar. Starfsmaður sem var í hálfu starfi á upplýsingasviði á móti hálfu starfi á veiðieftirlitssviði flutti á veiðieftirlitssvið snemma á árinu. Þegar Fiskistofa flutti í Hafnarfjörð í janúar 2006 var ráðinn starfsmaður í 0,5 stöðugildi til að sjá um hádegismat fyrir starfsfólk Fiskistofu á móti starfi í 0,5 stöðugildi á upplýsingasviði. Með nýju skipulagi sviðsins var svo 1,0 stöðugildi lagt niður.

Upplýsingasvið annast söfnun, úrvinnslu og dreifingu upplýsinga um afla og aflaverðmæti íslenskra skipa. Upplýsingum um landaðan afla er safnað frá löndunarhöfnum um aflaskráningakerfið Lóðs sem tengir flestar hafnir landsins við Fiskistofu. Gögn um ráðstöfun afla til vinnslu og aflaverðmæti berast frá fiskkaupendum með svokölluðum vigtar- og ráðstöfunarskýrslum. Upplýsingum er einnig safnað eftir öðrum leiðum, s.s. frá skipstjórnarmönnum, útflytjendum afla og fiskmörkuðum innanlands og erlendis

Mynd 13. Söfnun og miðlun upplýsinga.



Upplýsingasvið miðlar gögnum um afla til útgerðarmanna og birtir mánaðarlegar bráðabirgðatölur um afla.

Önnur verkefni upplýsingasviðs eru m.a. vinnsla og miðlun ýmiss kynningarefnis um verkefni og starfsemi Fiskistofu og umsjón með útgáfumálum. Sviðið hefur umsjón með vef Fiskistofu. Þá sér upplýsingasvið um afgreiðslu sérstakra fyrirspurna og vinnslu skýrslna er varða afla, aflaheimildir og ráðstöfun afla.

### **Skráning afla**

Gögn um landaðan afla eru skráð í aflaskráningarkerfið Lóðs af starfsmönnum löndunarhafna og send daglega á rafrænu formi í gagnagrunn Fiskistofu. Aflatölur sem berast Fiskistofu um Lóðsinn eru lagðar til grundvallar við útreikning á aflamarksstöðu skipa. Með Lóðsinum hefur Fiskistofa ávallt yfir að ráða nýjustu fánlegu upplýsingum um afla og getur fylgst náið með aflaheimildastöðu einstakra skipa.

Lóðsinn er rekinn í samvinnu Fiskistofu og Hafnasambands Sveitarfélaga. Starfsmenn upplýsingasviðs eiga í miklum samskiptum við starfsmenn hafnanna vegna skráningar afla. Undanfarin 2,5 ár hefur verið unnið að nýju aflaskráningakerfi sem vonandi mun leysa Lóðsinn af hólmi á árinu 2007. Nýja aflaskráningakerfið hefur hlotið nafnið GAFL (GAgnagrunnur Fiskistofu og Löndunarhafna). Tölvusvið Fiskistofu hefur borið uppi vinnu við Gaflinn en upplýsingasvið hefur leitt samráðshóp nokkurra sviða sem hefur verið tölvusviði innan handar um kröfur Gaflsins og aðstoðar við innleiðingu hans á löndunarahöfnum. Í lok árs 2006 hefur Gaflinn þegar verið tekinn í notkun á nokkrum löndunarahöfnum.

### **Aflaverðmæti og ráðstöfun afla**

Skýrsludeild Fiskistofu annast söfnun og skráningu upplýsinga um afla, aflaverðmæti og ráðstöfun afla til vinnslu frá innlendum fiskkaupendum. Þá er upplýsingum um viðskipti með afla einnig safnað frá íslenskum og erlendum fiskmörkuðum. Þessar upplýsingar nýtast Fiskistofu m.a. til samanburðar við aflatölur frá löndunarahöfnum, vegna bakreikninga og við ákvörðun verðmætis umframafla. Þá eru upplýsingar skýrsludeildar grunnur hagtalna um sjávarútveg, sem Hagstofa Íslands gefur út. Fiskistofa vinnur upplýsingar fyrir Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna úr gögnum skýrsludeildar.

Markviss samanburður á vigtarskýrslum og gögnum úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs, ásamt reglubundnu eftirliti með skráningu á hinum svokallaðs "Hafró-afla" (*Verðmæti þessa afla rennur í Verkefnasjóð Sjávarútvegsins*) hefur leitt til þess að leiðréttur mismunur við lok fiskveiðiársins hefur minnkað með hverju ári. Í lok fiskveiðiársins 2005/2006 var leiðréttur mismunur á skráningum sem svarar 21 tonna afla upp úr sjó.

### **Söfnun og miðlun gagna - Gagnvirk rafræn samskipti**

Aflatölur sem berast um Lóðsinn og tölur um úthlutað aflamark og aflamarksstöðu eru aðgengilegar á vefsíðum Fiskistofu jafnóðum og upplýsingarnar eru tiltækar í gagnagrunni Fiskistofu. Með nýja aflaskráningakerfinu (Gaflinum) munu aflaupplýsingar uppfærast á vefnum samtímis og hafnarstarfsmenn vığta aflann.

Þróun gagnvirkis vefs Fiskistofu hefur ekki verið jafn hröð á árinu 2006 og vonir stóðu til vegna umfangs vinnu við Gaflinn - nýja aflaskráningakerfið. Þó geta útflytjendur nú sótt rafrænt um og fengið afgreidd heilbrigðisvottorð vegna útflutnings sjávarafurða. Og prófanir eru hafnar á kerfi sem gerir útgerðum kleift að millifæra aflamark rafrænt milli eigin skipa án milligöngu starfsmanna Fiskistofu.

Fyrir rúmlega áratug tók vefur Fiskistofu (Fiskistofa.is) til starfa, þar sem miðlað hefur verið gögnum og upplýsingum til viðskiptavina Fiskistofu síðan. 2. útgáfa vefsins var tekin í notkun á árinu 2000. Þess er vænst að 2007 verði 3. útgáfa Fiskistofuvefsins til. Í stað þess að smíða vefinn frá grunni á Fiskistofu eins og gert hefur verið verður nú keypt tilbúið vefumsjónarkerfi. Vonir standa til að á eftir fylgi örari þróun vefþjónustu Fiskistofu þar sem viðskiptavinum verður kleift að sækja til Fiskistofu allskyns upplýsingar og aðra þjónustu um vefinn hvenær sem er sólarhringsins og alla daga ársins.

## Afli

Tafla 14 sýnir úthlutað aflamark fiskveiðiársins 2005/2006 og veiddan afla eins og hann reiknaðist til aflamarks hjá aflamarks- og krókaafلامarksskipum á fiskveiðiárinu, miðað við slægðan fisk. Í dálknum "sérstakar úthlutanir" er safnað saman öllum aukaúthlutunum fiskveiðiársins (sjá kaflann um Veiðiheimildasvið). Séu allar úthlutanir fiskveiðiársins lagðar saman og bætt við aflamarki sem flutt var frá fyrra ári fæst það heildaraflamark sem til ráðstöfunar var á fiskveiðiárinu (dálkurinn "aflamark alls"). Í megindráttum var afli fiskveiðiársins í samræmi við aflaheimildir. Eftirstöðvar aflamarks í þorski sem flutt var til fiskveiðiársins 2006/2007 nam t.a.m. 3.731 lesta en 3.700 lesta aflamark í þorski var flutt frá fiskveiðiárinu 2004/2005 til síðastliðins fiskveiðiárs. Ágætt samræmi var milli aflaheimilda og afla botnfisktegunda á fiskveiðiárinu 2005/2006 eins og á fyrra fiskveiðiári. Talsvert aflamark í úthafsækju féll þó niður ónýtt.

**Tafla 14. Heildaraflamarksstaða fiskveiðiárið 2005/2006 Magn botnfisks annars en karfa miðast við slægðan fisk.**

	Úthlutun	Sérstakar úthlutanir	Flutt frá fyrra ári	Aflamark til ráðstöfunar	Afli til aflamarks	Staða	Tilfærsla	Ný staða	Flutt á næsta ár	Umfram-afli	Ónotað
Þorskur	156.302	8.197	3.700	168.199	164.411	3.788	-51	3.736	3.731	31	37
Ýsa	84.267	2.713	3.471	90.452	83.000	7.451	899	8.351	8.298	15	67
Ufsi	65.243	1.963	2.465	69.672	65.408	4.264	1.793	6.057	4.950	17	1.125
Karfi	57.000	3	4.500	61.504	56.845	4.659	1.376	6.035	5.975	1	61
Langa	4.000	8	225	4.233	4.682	-449	721	273	248	5	30
Keila	3.150	1	260	3.410	4.198	-787	915	128	103	5	30
Steinbítur	10.565	555	913	12.033	14.255	-2.222	2.887	665	649	7	24
Skötuselur	2.700	22	51	2.773	2.578	195	66	261	259	1	3
Grálúða	13.800	4	2.341	16.145	11.660	4.484	-2.182	2.302	2.249	0	53
Skarkoli	4.600	70	233	4.903	5.299	-396	663	268	251	2	19
Þykkvalúra	1.656	1	35	1.692	2.402	-710	758	48	46	1	2
Langlúra	2.208	1	36	2.245	2.015	229	-132	98	89	0	9
Sandkoli	3.680	1	626	4.307	1.148	3.160	-2.324	836	590	0	246
Skráþflúra	3.220	0	551	3.771	582	3.189	-2.449	741	442	0	299
Síld	110.000	0	924	110.924	103.032	7.892	0	7.892	7.830	0	62
Loðna	170.872	23.155	0	194.027	193.603	424	0	424	0	0	424
Humar	554	1	10	564	559	5	0	5	5	0	0
Úthafsækja	10.000	1	2.823	12.824	1.037	11.787	0	11.787	1.889	0	9.898
Innfjarða-rækja	0	6	17	23	6	17	0	17	0	0	17

Magn í lestum

Eins og sést með samanburði á "aflamarki til ráðstöfunar" í töflu 14 og "heildarafla" í töflu 15 á næstu síðu þá var nokkur munur milli raunafla og aflaheimilda fiskveiðiársins. Þorskaflinn var

t.a.m. meiri en þorskaflaheimildir. Það stafar af löglegum afla sem undanþeginn er aflamarki vegna sérreglna eins og t.d. vegna línuívilnunar, reglna um undirmál, "Hafróafla", afla sóknardagabáta o.fl. Minni munur er þó milli afla til aflamarks og heildarafla í þorski en áður eftir að sóknardagabátar eru orðnir hluti aflamarkskerfinu (krókaaflamark).

Línuívilnununin náði aðeins til ýsu og steinbíts á fiskveiðiárinu 2003/2004. Frá fiskveiðiárinu 2004/2005 gildir línuívilnununin einnig um þorsk sem veiddur var á handbeitta línu að uppfylltum öðrum skilyrðum sem varð að uppfylla til að njóta ívilnunar um undanþágu aflans frá aflamarks. Eins kemur fram í töflu 15 að neðan féllu 2.551 lestar af þorski, miðað við slægðan afla, undir reglu um línuívilnun á fiskveiðiárinu 2005/2006. Það jafngildir 3.037 lestum af óslægðum þorski. Hámark leyfilegrar línuívilnunar, sem var 3.375 lestar af óslægðum þorski, var því ekki fullnýtt. Línuívilnun í steinbít og línuívilnun í ýsu var fullnýtt á fiskveiðiárinu 2005/2006.

**Tafla 15. Afli botnfisktegunda til aflamarks fiskveiðiárið 2005/2006**

Fisktegund	Heildarafli	Afli utan aflamarks					Útflutnings- álag	Afli til aflamarks	
		Sóknar- dagabátar	„Hafró- afli“	Línu- ívilnun	Undirmálsafla utan aflamarks	Annar afli		Óslægt	Slægt
Þorskur	169.509	-68	-1.245	-2.551	-1.714	-65	544	195.727	164.411
Ýsa	84.342	0	-75	-1.366	-913	-481	1.494	98.810	83.000
Ufsi	65.695	0	-8	0	-3	-293	18	77.869	65.409
Karfi	56.594	0	-6	0	-353	-52	661	56.845	56.845
Langa	4.673	0	-9	0	0	0	19	5.855	4.682
Keila	4.236	0	-40	0	0	0	1	4.664	4.198
Steinbítur	14.826	0	-57	-611	0	-14	112	15.839	14.255
Skötuselur	2.548	0	-9	0	0	0	38	2.864	2.578
Grálúða	11.663	0	0	0	0	-9	7	12.674	11.660
Skarkoli	5.210	0	-29	0	0	-6	124	5.759	5.299
Þykkvalúra	2.316	0	0	0	0	0	86	2.611	2.402
Langlúra	2.015	0	-1	0	0	0	2	2.190	2.015
Sandkoli	1.263	0	0	0	0	-115	0	1.248	1.148
Skráþflúra	708	0	0	0	0	-126	0	632	582
Alls	425.600	-68	-1.480	-4.528	-2.983	-1.161	3.106	483.588	418.484

Magn í lestum og miðast slægðan afla (óslægðan karfa) nema annað sé tekið fram. Heildarafla er afli íslenskra skipa í ofangreindum tegundum af öllum miðum nema Barentshafsporskur.

Veiðar úr deilistofnum og stofnum á fjarmiðum gengu misjafnlega á árinu 2006 eins og fyrri ár. Úthafskarfaveiðin fór vel af stað en aflinn var rýrari þegar leið á sumarið. Veiðar norsk-íslensku síldarinnar stóðu mun lengur en fyrri ár og voru skipin að veiðum fram eftir hausti auk þess sem nokkur meðafli fékkst við veiðar á sumargotssíld fyrri hluta vetrar 2006/2007. Ekkert skip var við veiðar á Flæmingjarækju seinni hluta árs 2006.

**Tafla 16. Heildaraflamarksstaða deilistofna og stofna á fjarmiðum 2006 Magn karfa slægt annað óslægt.**

Flæmingjarækja	4.500	2.099	2.401	0	2.401	0	2.401
Flæmingjarækja 3L	245	85	160	0	160	0	160
Þorskur - NL	3.591	3.395	196	0	196	0	196
Þorskur - RU	2.244	1.666	578	0	578	0	578
Kolmunn	352.601	314.767	37.834	0	37.834	35.200	2.634
Norsk-íslensk síld	153.818	156.357	-2.539	0	-2.539	-2.539	0



## LÖGFRÆÐISVIÐ

Á árinu 2006 urðu nokkrar breytingar á verkefnum lögfræðisviðs Fiskistofu. Nýtt útibú Fiskistofu í Vestmannaeyjum tók til starfa og heyrir útibúið undir lögfræðisvið. Útibúið í Vestmannaeyjum var opnað 5. maí 2006 og voru þar ráðnir þrír nýir starfsmenn til starfa við útibúið, þau Hlynur Sigmarsson, sem er útibússtjóri, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir og Ingólfur Ingólfsson. Meginverkefni sviðisins verða svokallaðir bakreikningar. Í því felst að skipulega er athugað samræmi milli innvegins afla þeirra sem höndla með afla og ráðstöfun þeirra á afla og afurðum. Afurðir eru þannig bakreiknaðar til afla og sá afli og annar afli sem höndlað er með er borinn saman við afla sem löglega var veginn. Með bakreikningum er verið að ganga úr skugga um að í fyrirtækjum sé einungis til vinnslu löglega veginn afli. Starfsmaður útibúsins mun jafnframt liðsinna veiðieftirlitssviði við verkefni þess í Vestmannaeyjum.

Þá urðu þær breytingar í lok ársins að Hrefna Gísladóttir, lögfræðingur, kom til starfa á lögfræðisviðið frá veiðieftirlitssviði. Við þá breytingu fluttist meðferð mála er varða ákvarðanir um veiðileyfissviptingu og kærur vegna fiskveiðibrota til lögfræðisviðs sem og ákvarðanir um afturköllun á vigtunarleyfum. Þá færast lögfræðileg ráðgjöf vegna verkefna veiðieftirlitssviðs til lögfræðisviðs.

Starfsmönnum lögfræðisviðs hefur því fjölgað úr þremur í sjö á árinu og verkefnum sviðisins hefur fjölgað samhliða því, en frá og með upphafi ársins 2007 má segja að lögfræðileg úrlausn flestra verkefna á Fiskistofu verði í höndum lögfræðisviðs Fiskistofu, þ. á m. kærur til lögreglu og ákvarðanir um veiðileyfissviptingu og önnur viðurlög.

Að öðru leyti voru verkefni sviðisins með líkum hætti og áður, en þó má nefna að starfsmenn sviðisins komu talsvert að undirbúningi og vinnu við verkefni varðandi rafrænar millifærslur og rafrænar afladagbækur.

### **Álagning og innheimta sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávarafla**

Á árinu 2006 var fjöldi álagninga samtals 82 sem var fjölgun um 10 mál miðað við árið 2005. Heildarupphæð álagðs gjalds á árinu 2006 var kr. 27.126.315,- sem er talsvert hærri álagning en árið áður. Álagningar þessar eru vegna afla umfram aflaheimildir innan fiskveiðilögsögu fiskveiðiárið 2004/2005 og ein vegna afla umfram aflaheimildir utan fiskveiðilögsögu árið 2005.

Markvisst hefur verið unnið að því á undanförunum árum að bæta eftirlit og eftirfylgni til að koma í veg fyrir að skip haldi til veiða án aflaheimilda og hefur það starf skilað sér í fækkun mála og lægri álagningarfjárhæð þar sem minna hefur verið veitt umfram aflaheimildir en síðustu ár. Sérstaklega er fylgst með að skipum sé ekki haldið til veiða eftir að útgerð þeirra og skipstjóra hefur verið tilkynnt með símskeyti að veitt hafi verið umfram aflaheimildir skipsins. Einnig er miðað við að skip hljóti ekki veiðileyfi að nýju fyrr en tryggt er að allur umframafli þess hafi verið lagfærður og skipið hafi nægar aflaheimildir fyrir næstu veiðiferð.

Ekki þarf þó mörg tilvik til að breyta heildarupphæð álagðs gjalds verulega og skýring á hækkun álagningar milli ára nú er sú að í tilvikum örfárra aðila var um verulega háa álagningu að ræða. Þess ber þó að geta að horfur eru á verulegri fækkun mála vegna afla umfram aflaheimildir innan fiskveiðilögsögu fiskveiðiárið 2005/2006, auk þess sem reikna má með verulega lægri upphæð álagðs gjalds vegna þess fiskveiðiárs.

**Tafla 17. Álagning og innheimta sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávarafla**

	2006	2005
Fjöldi mála á árinu	82	72
Fjöldi kæruúrskurða	0	0
Mál kærð áfram til Úrskurðarnefndar skv. 6. og 7. gr. laganna.	0	0
Mál borin undir dómstóla	0	0
Heildarálagning kr.	27.126.315	15.610.403
Heildarinnheimta kr.*	13.034.575	5.650.646

\*Birt með fyrirvara vegna ólokinnna mála.

### Leyfissviptingar vegna umframafla

Fiskistofa fylgist með nýtingu fiskiskipa á aflaheimildum sínum í samræmi við ákvæði 14. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Bendi upplýsingar til þess að skip hafi veitt umfram aflaheimildir sínar í einhverri tegund skal það tilkynnt útgerð og skipstjóra viðkomandi skips með símskeyti. Lögfræðisvið og veiðiheimildasvið Fiskistofu annast þetta verkefni sameiginlega. Boðaðar leyfissviptingar taka gildi að þremur virkum dögum liðnum hafi fullnægjandi aflaheimildir ekki verið fluttar til viðkomandi skips innan þess tíma. Slík veiðileyfissvipting gildir þar til fullnægjandi aflaheimildir hafa verið færðar á viðkomandi skip og Fiskistofa hefur afturkallað leyfissviptinguna. Komi til ítrekaðra leyfissviptinga vegna umframafla innan sama fiskveiðiárs lengist gildistími leyfissviptinga samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laganna.

Sú breyting var gerð á 14. gr. laga nr. 57/1996 með lögum nr. 61/2005 að heimilað var að gera svonefnda boðunarsamninga við útgerðir. Á árinu 2005 voru gerðir boðunarsamningar við 8 útgerðaraðila. Á árinu 2006 voru gerðir 72 boðunarsamningar.

Útgerðum sem gera boðunarsamning við Fiskistofu er tilkynnt um umframafla skipa þeirra með öðrum hætti en símskeyti og þá annað hvort með tölvupósti eða faxsendingu. Útgerðir skipa bera kostnað af símskeytum sem þeim eru send vegna umframafla skipa þeirra og því augljóst hagræði fyrir útgerðir að leita eftir gerð boðunarsamnings við Fiskistofu.

Á árinu 2006 fækkaði leyfissviptingum vegna veiða umfram aflaheimildir lítillga frá árinu á undan, en boðuðum leyfissviptingum með símskeytum fækkaði hins vegar verulega.

**Tafla 18. Boðaðar leyfissviptingar og virkar veiðileyfissviptingar**

	2006	2005
Boðaðar veiðileyfissviptingar, útsend símskeyti	1.678	1.988
Veiðileyfissviptingar vegna umframafla	31	33

### Eftirlit með afladagbókum

Á árinu 2006 hafði lögfræðisvið með höndum, líkt og fyrri ár, eftirfylgni með ákvæðum reglugerðar nr. 303/1999, um afladagbækur. Í 3 tilvikum voru skip svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni vegna vanskila á frumriti úr afladagbók.

### Bakreikningar

Eins og áður segir hóf nýtt útibú Fiskistofu í Vestmannaeyjum störf á árinu og eru meginverkefni þess bakreikningar. Á fyrsta starfsári hafa 4 mál verið til athugunar og er þeim enn ólokið.

### **Innflutningseftirlit**

Lögfræðisvið Fiskistofu fer með úrlausn mála sem upp koma við eftirlit með innflutningi sjávarafurða og varða meint brot á reglum laga nr. 55/1998, um meðferð, dreifingu og vinnslu sjávarafurða, reglugerðar nr. 849/1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, reglugerðar nr. 233/1999, um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafra og fiskafurða og annarra reglna er varða innflutning og meðferð sjávarafurða. Talsverður fjöldi mála kemur upp á ári hverju, en einkum eru það mál er varða höfnun á innflutningi sjávarafurða.

### **Veiðar án veiðileyfis**

Lögfræðisvið fer með mál er varða veiðar skipa án veiðileyfis, veiðar skipa sem svipt hafa verið leyfi til veiða í atvinnuskyni og veiðar skipa með niðurfelld veiðileyfi. Á árinu 2006 voru þrjú aðilar kærðir til lögreglu vegna slíkra brota.

### **Veiðileyfissviptingar**

Lögfræðisvið svipti 8 fiskiskip leyfi til veiða í atvinnuskyni vegna brota á ákvæðum laga um stjórnun fiskveiða. Flest málín voru vegna þorskveiða krókabáta í rauðmaganet.

### **NAFO, NEAFC og veiðar ESB skipa í íslenskri lögsögu**

Lögfræðisvið fer með meðferð mála er varða veiðar íslenskra skipa á samningssvæðum NAFO og NEAFC, sem og mál er varða veiðar skipa frá Evrópusambandinu á karfa innan íslenskrar lögsögu.

Á árinu 2006 var eitt ESB-skip svipt veiðileyfi vegna brottkasts við karfaveiðar þess í svonefndum Rósagarði. Þá var eitt íslenskt fiskiskip svipt leyfi til veiða á samningssvæði NAFO vegna brots gegn reglum um útbúnað veiðarfæra, en í öðru tilviki, vegna brots á reglum um merkingar rækjuafra, kom ekki til sviptingar leyfis til veiða á samningssvæði NAFO þar sem viðkomandi skip var ekki lengur í eigu viðkomandi útgerðar og ekki á íslenskri skipaskrá.

### **Önnur verkefni**

Auk þess sem að framan er rakið, kom lögfræðisvið að verkefnum er vörðuðu útgáfu veiðileyfa, ákvæði laga um veiðiskyldu og mál á ýmsum öðrum sviðum sem varða starfsemi Fiskistofu. Þá sinnir lögfræðisvið fyrirspurnum um lögfræðileg efni frá öðrum sviðum Fiskistofu og aðilum utan Fiskistofu til að mynda umboðsmanni Alþingis.

Talsvert umfangsmikill hluti daglegra starfa á lögfræðisviði er fölginn í að staðfesta umsóknir um flutning aflaheimilda og túlkun þeirra reglna sem gilda um flutning aflaheimilda á milli skipa en umsóknir um flutning aflahlutdeilda og krókaaflahlutdeilda, réttar til úthlutunar úr svonefndum “3000 tonna potti”, skv. 9. gr. a. laga nr. 38/1990 og umsóknir um flutning aflamarks og krókaaflamarks umfram “50% framsalsheimild” sbr. 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, vegna svonefndra “breytinga á skipakosti”, skulu hafa hlotið staðfestingu lögfræðisviðs áður en þær eru endanlega afgreiddar.

Á árinu 2006 var svonefndur “3000 tonna pottur” afnuminn og hlaust af talsverð vinna í tengslum við flutning þeirra réttinda milli skipa, áður en til úthlutað var varanlegum réttindum, sem í staðinn komu.

Á árinu 2006 voru tekin til meðferðar 20 mál er vörðuðu reglur um úthlutun krókaaflahlutdeilda til sóknardagabáta samkvæmt reglugerð nr. 485/2004. Þeirri reglugerð var breytt með reglugerð nr. 404/2006 í kjölfar álita Umboðsmanns Alþingis í málum nr. 4332/2005 og 4398/2005 og skilgreining endurnýjunar á sóknardagabátum var rýmkuð í samræmi við álit Umboðsmanns. Af

Því leiddi að taka þurfti afstöðu til þess í fyrrgreindum málum hvort viðkomandi sóknardagabátar teldust endurnýjaðir í skilningi reglugerðarinnar þannig að endurreikna bæri úthlutun krókaafhlutdeildar til þeirra með hliðsjón af ákvæði 4. málslíðar 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 485/2004 og fór lögfræðisvið með ákvarðanatöku í þeim málum.

Loks hefur lögfræðisvið unnið að því, í samvinnu við veiðiheimildasvið og tölvusvið Fiskistofu, að koma á rafrænum millifærslum aflamarks og er það verkefni að komast á lokaspöl og má vænta þess að gefin verði út heimild til þess í lögum að tilkynna rafrænt til Fiskistofu um flutning aflamarks milli skipa þannig að þeir útgerðaraðilar sem til þess fá sérstakt leyfi Fiskistofu muni geta flutt aflamark milli skipa sinna með rafrænum millifærslum. Þá hefur einnig verið unnið að verkefnum er tengjast rafrænum afladagbókum

## FJÁRMÁLA- OG REKSTRARSVIÐ

Fjármála- og rekstrarsvið hefur umsjón með þeim fjármunum sem Fiskistofa hefur til umráða. Undir sviðið fellur umsjón með innheimtu sértekna Fiskistofu, innkaup á vöru og þjónustu og frágangur reikninga. Ennfremur sinnir fjármálasvið innheimtu veiðigjalds sem rennur í ríkissjóð.

Innan fjármálasviðs fer fram gerð fjárlagatillagna og fjárhagsáætlana og virkt eftirlit með kostnaði innan stofnunarinnar.

Undir fjármálasvið heyra einnig skjalasafn, símavarsla og móttaka, launamál starfsmanna og almennur rekstur skrifstofu Fiskistofu svo og umsjón með húsnæði og farartækjum stofnunarinnar.

Tafla 19. Útgjöld Fiskistofu 2005 og 2006

	2006	2005
<b>Gjöld</b>	<b>772.419</b>	<b>702.478</b>
Laun og launatengd gjöld	542.087	527.765
Ferðir og fundir	52.665	52.922
Rekstrarvörur	10.045	10.381
Aðkeypt þjónusta	64.595	47.443
Húsnæði	56.248	29.000
Bifreiðar og vélar	9.184	10.571
Vextir, bætur og skattar	2.248	1.649
Eignakaup	35.347	22.747

Tölur í rekstraryfirlitinu eru settar fram í þúsundum króna og á verðlagi hvors árs.

Um er að ræða bráðabirgðatölur vegna ársins 2006 þar sem endanlegt uppgjör frá Fjársýslu ríkisins liggur ekki fyrir. Það er þó ljóst að Fiskistofa er innan ramma fjárlaga á árinu 2006 sem jafnan fyrr.

## TÖLVUSVIÐ

Tölvusvið þjónar sjávarútvegsráðuneyti, Hafrannsóknastofnuninni og Fiskistofu. Skráðir notendur voru 305 árið 2006, 188 hjá Hafrannsóknastofnuninni, 22 hjá sjávarútvegsráðuneyti og 95 hjá Fiskistofu.

Nemendur Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna, sem staðsettur er hjá Hafrannsóknastofnuninni, eru nú nettengdir. Þeir voru um 22 í lok ársins 2006. Þar voru allar tölvur endurnýjaðar á árinu og settar upp með Windows XP og Office 2003.

Vinnustundir tölvusviðs á árinu voru 24.946 sem skiptust þannig að 998 voru fyrir ráðuneytið, 8.232 fyrir Hafrannsóknastofnunina og 15.716 fyrir Fiskistofu. Helstu verkefni tölvusviðs árið 2006, greind eftir stofnunum, koma fram í töflu á næstu síðu.

Frá stofnun Fiskistofu fyrir fjórtán árum hefur tölvunotkun aukist í eðlilegu samræmi við tækni framfarir á þessu sviði. Í lok árs 2006 voru 540 tæki skráð á tölvunet stofnananna þriggja í Reykjavík, og Hafnarfirði Auk þess voru 71 tæki skráð í hafrannsóknaskipunum Árna Friðrikssyni og Bjarna Sæmundssyni og í Grandaskála eru 30 tæki. Útibú utan Reykjavíkur eru með samtals 48 tæki. Heildarfjöldi tækja er 689

Tölvubúnaður er margbreytilegur, en miðlarar kerfisins eru flestir SUN eða DELL og keyra ýmist Solaris eða Linux stýrikerfi. Notendur eru ýmist með Unix- eða PC-vinnustöðvar, eða með fartölvur.

Nokkuð af búnaði var endurnýjað á árinu, bæði netþjónar og tölvur einstakra notenda. Fjöldi heimsókna á vefsíður Fiskistofu á árinu, var 256.994 og þegar mest var í mars voru þær 27.971 á einum mánuði, en að meðaltali eru heimsóknir um 21.400 á mánuði. Tilkynningar sóknardagabáta í Símakrók voru 77 til ágúst loka, en voru 787 árið 2005. Tilkynningar línubáta í Símalínu á árinu voru 32.456 á árinu en voru 31.649 árið 2005.

### Landanir undanfarin Fjórtán ár

Fiskistofa hefur nú safnað gögnum um landaðan afla í fjórtán fiskveiðiár. Fjöldi landana á því tímabili kemur fram í eftirfarandi töflu:

Tafla 20. Fjöldi landanna eftir fiskveiðiári.

Fiskveiðiár	Fjöldi landana
1992/1993	110.000
1993/1994	114.000
1994/1995	106.000
1995/1996	95.000
1996/1997	89.000
1997/1998	84.000
1998/1999	77.000
1999/2000	77.000
2000/2001	83.000
2001/2002	71.000
2002/2003	72.000
2003/2004	72.000
2004/2005	61.000
2005/2006	56.000

Alls hafa 1.167.000 landanir verið skráðar í gagnasafn Fiskistofu á fjórtán árum.

## Helstu verkefni tölvusviðs árið 2006 eftir stofnunum

Fiskistofa	Hafrannsóknastofnunin	Sjávarútvegsráðuneyti
<ul style="list-style-type: none"> <li>Mikil vinna var við breytingar á kvótakerfinu til samræmis við nýjan Gafl – gagnagrunn.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hönnun og forritun kerfis til að skrá rannsóknargögn vegna svifþörunga</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tölvusvið sá um rekstur á tölvukerfi ráðuneytisins að venju.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýtt kerfi, Vigtnarleyfi sem tengjast Gaflinum, var hannað og tekið í notkun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Haldið var áfram vinnu við að fullkomna hafvogarkerfið</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nokkur endurnýjun var á tölvum hjá notendum.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>Vefskráning útflutningsvottorða hófst um áramótin 2006 -2007</li> <li></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Uppsetning og undirbúningur á vogarvélum ásamt uppfærslum á hafvog fyrir hvern leiðangur.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þráðlaus nettenging var sett upp í ráðuneytinu.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýtt kerfi, Tímaskráning eftirlitsmanna var tekið í notkun á árinu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nokkur vinna var við Fiskmerkingagrunn og RAF merki</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nokkur vinna var vegna Gagnaveitu um hafið sem er í þrógun á vegum ráðuneytisins.</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>Mikil vinna var allt árið vegna nýja Gafl kerfisins og hófust prófanir um haustið 2006</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nokkur vinna var við HYDRO á árinu</li> </ul>	
<ul style="list-style-type: none"> <li>Fiskistofa flutti á árinu, og var mikil vinna við uppsetningu og frágang tölvubúnaðar.</li> </ul>		

# STARFSMENN

Starfsfólk Fiskistofu þann 1. janúar 2007:

## Fiskistofustjóri: Þórður Ásgeirsson

Árni Múli Jónasson, aðstoðarfiskistofustjóri,

### Fjármála- og rekstrarsvið

Brynja Guðný Magnúsdóttir  
Gerður Bárðardóttir  
Guðný Hrefna Leifsdóttir  
Gylfi Ástbjartsson, forstöðumaður  
Karátas Jónsdóttir  
Marín E. Samúelsdóttir  
Úlfhildur J. Hilmarsdóttir

### Rekstur húsnæðis

Ellen Erlingsdóttir, ræstingar Akureyri  
Gunnar Freyr Róbertsson, ræstingar Hafnarfjörður  
Ólöf Skúladóttir, mötuneyti  
Sigurlín Jóna Sigurðardóttir, ræstingar Hafnarfjörður  
Svetlana Luchyk, ræstingar Vestmannaeyjar  
Unnur B. Kristjánsdóttir, ræstingar Hafnarfjörður

### Matvælaeftirlit

Ásgeir Ragnarsson  
Dóra S. Gunnarsdóttir  
Garðar Sverrisson  
Guðjón Gunnarsson  
Gunnar Kristjánsson  
Halldór Ó. Zoëga, forstöðumaður  
Jón Þórður Ólafsson  
Rikard Thorstensen

### Skelfiskeftirlit

Þór Gunnarsson

### Innflutningseftirlit

Anna Þormar  
Axel St. Axelsson  
Sigmar Julian Halldórsson

### Tölvusvið

Steingrímur Guðjónsson, forstöðumaður

### Kerfisdeild

Björn Guðjónsson  
Gísli Geir Gylfason  
Gunnar Örvarsson  
Kjartan Árni Albertsson  
Már Aðalsteinsson  
Viktor Ström

### Hugbúnaðardeild

Baldvin Baldvinsson  
Björn Darri Sigurðsson  
Brynjólfur Þórisson  
Hreinn F. Arndal  
James Joseph Devine  
Sveinn Oddsson  
Vilhjálmur Hallgrímsson

### Upplýsingasvið

Ari Arason, forstöðumaður  
Guðbjörg Ingólfssdóttir  
Jón Már Halldórsson  
Lilja Ólafsdóttir  
Magnea Jónsdóttir  
Sigurbjörg Guðmundsdóttir

### Lögfræðisvið

Gísli Rúnar Gíslason, forstöðumaður  
Hrefna Gísladóttir  
Sigurjón Aðalsteinsson  
Þórður Heimir Sveinsson

### Bakreikningar

Hlynur Sigmarsson  
Ingólfur Ingólfsson  
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir

### Veidiæftirlitssvið

Birgir Smári Karlsson  
Birgir Þórbjarnarson  
Eyþór Björnsson, forstöðumaður  
Eyþór Þórðarson  
Guðmundur Jóhannesson  
Gunnar Alexandersson  
Helga S. Valgeirsdóttir  
Hólmgeir Hreggviðsson  
Ingólfur H Kristjánsson  
Karl E. Óskarsson, launalaust leyfi  
Kristján B. Skaftason.  
Ómar Þórsson  
Ragnar K. Guðmundsson  
Rúnar Jónsson  
Sigurður A. Hreiðarsson  
Sigurður Hjálmarsson  
Sigurður N. Njálsson  
Sigurpáll Sigurbjörnsson  
Þorsteinn Einarsson  
Þór Guðmundsson  
Þórhallur Ottesen  
Örn S. Hólm

### Eftirlit á Akureyri

Árni Dan Ármannsson  
Einar Guðmundsson  
Gunnar H. Sigurðsson  
Matthías Sigurpálsson  
Rúnar Hafberg

### Eftirlit á Höfn

Ólafur Vilhjálmsson  
Sævar Guðmundsson  
Þórbergur Torfason

### Eftirlit á Ísafirði

Guðmundur Þ. Sigurðsson  
Gunnar Þórðarson  
Eftirlit með fullvinnsluskipum  
Hörður Arnþórsson  
Ingibergur Sigurðsson  
Lína H. Jóhannsdóttir  
Pétur Sævarsson  
Sigurður Ásgeirsson  
Sigurður Dagbjartsson  
Stefán Lárus Pálsson  
Ægir Ólason

### Veidiheimildasvið

Auðunn Ágústsson, forstöðumaður  
Hjörleifur H. Steinarsson  
Jakob Ó. Jónsson  
Jóhanna Vilhjálmisdóttir  
Katrín S. Gunnarsdóttir  
Kristján Freyr Helgason







.....  
F I S K I S T O F A

Dalshraun 1 IS 220 Hafnarfirði  
Tel: 354 569 7900 Fax: 354 569 7991  
[www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is)